Kiosk hélt upp á afmælið

Lífið ➤ 16

Stagbætt, spengt og stoppað í göt

Tímamót ➤ 32

FASTEIGNASALAN TORG
KRAFTUR TRAUST ÁRANGUR

FRÉTTABLAÐIÐ

185. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR frettabladid.is ÞRIÐJUDAGUR 21. SEPTEMBER 2021

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla fyrir fólk í einangrun eða sóttkví hófst á sérútbúnum kjörstöðum í gær. Um er að ræða bílakosningabása sem kjósandi ekur inn í á bíl sínum. Kjósandanum er óheimilt að opna dyr eða glugga bifreiðarinnar. Hann fær engin kjörgögn í hendur heldur er honum gert að upplýsa kjörstjóra um hvernig hann vilji greiða atkvæði, til dæmis með því að sýna blað með listabókstaf framboðs eða á annan hátt sem kjörstjóri telur öruggan og nægilega skýran. Kjósandinn á myndinni ók inn í kjörklefa við Skarfagarða í Reykjavík í gær og greiddi þar atkvæði. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Íslenskur hugverkaiðnaður tekur vaxtarkipp

Útflutningstekjur af hugverkaiðnaði hafa tvöfaldast á átta árum. Um var að ræða 16 prósent af öllum útflutningi frá Íslandi í fyrra. Skattafrádráttur af rannsóknum og þróun hefur mikil áhrif, segir framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins.

mhj@frettabladid.is

IÐNAÐUR Útflutningstekjur vegna fyrirtækja í hugverkaiðnaði námu 160 milljörðum króna í fyrra, sem er 16 prósent af öllum útflutningi frá Íslandi og tvöföldun frá árinu 2013. Fyrirtæki sem fengu endurgreiðslu vegna rannsókna- og þróunarverkefna fóru úr rúmlega 200 í rúmlega 300 á milli áranna 2019 og 2020.

Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins (SI), segir að ef rétt er haldið á spöðunum geti hugverkaiðnaðurinn orðið ein stærsta útflutningsgreinin í íslensku hagkerfi.

„Þetta sýnir svart á hvítu að jarðvegurinn er frjór. Það er mikil gróska í gangi. Það eru fleiri og fleiri fyrirtæki sem eru að taka verulega vaxtarkippi, eins og Controlant, Nox Medical og Kerecis. Hugverkaiðnaðurinn hefur alla burði til að vera langöflugasta útflutningsgreinin á Íslandi ef rétt er á málum haldið. Hann getur orðið mikilvægari en ferðaiðnaðurinn og orkuiðnaðurinn og aðrar greinar," segir Sigurður.

Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI

Á árum áður hafi verið talið að á hverjum áratug myndi eitt fyrirtæki ná verulegri stærð eins og Össur, Marel og CCP en nú sé slíkum fyrirtækjum að fjölga.

Um áhrif þessa segir Sigurður að dregið geti úr sveiflum í hagkerfinu. „Við verðum ekki eins háð því að hingað komi ferðamenn eða að við getum veitt nógu mikinn fisk úr sjónum og svo framvegis. Þetta sáum við svart á hvítu á síðasta ári þegar fyrirtæki í ferðaþjónustu urðu fyrir verulegum samdrætti út af Covid. Á sama tíma voru fyrirtæki í hugverkaiðnaði að ráða til sín fólk og velta þeirra jókst. Þau nýttu tækifærið og sóttu fram."

Sigurður segir að ákvörðun stjórnvalda um að hækka skattafrádrátt vegna rannsókna og þróunar hafi skipt miklu máli í þessu samhengi.

„Eina vandamálið er að sú aðgerð er tímabundin og rennur út núna um áramótin," segir Sigurður. SI hafi heyrt af fyrirtækjum sem vildu bæta verulega í starfsemi sína en hafi haldið að sér höndum vegna þess að það vantaði meiri fyrirsjáanleika. „Ég held að það sé hægt að leysa enn meiri krafta úr læðingi á þessu sviði með því að gera þessa hvata ótímabundna," segir hann. Þá gæti þessi iðnaður orðið stærsta stoðin í íslensku hagkerfi.

„Fyrsti áratugur aldarinnar var áratugur fjármálageirans, annar áratugurinn var áratugur ferðaþjónustunnar. Þriðji áratugurinn getur svo sannarlega verið áratugur hugverkaiðnaðar og nýsköpunar. Við erum í dauðafæri en það er háð því að réttar ákvarðanir verði teknar á næstu vikum og mánuðum," segir Sigurður. ■



Fylgi Miðflokksins er lítið í könnunum skömmu fyrir kosningar.

Miðflokkur tekur yfir á Facebook

kristinnhaukur@frettabladid.is

KOSNINGAR Miðflokkurinn hefur eytt mestu í auglýsingar á Facebook undanfarinn mánuð, tæpum 2,9 milljónum króna, sem að langmestum hluta hefur verið notað undanfarnar tvær vikur.

Fram að þessu hafði Flokkur fólksins leitt í auglýsingakapphlaupinu á miðlinum en auglýsingar hans hafa verið jafndreifðari yfir lengra tímabil. Hefur flokkurinn eytt mestu á einu ári, 4,9 milljónum.

Þegar horft er til 30 daga hefur Flokkur fólksins eytt tæpum 2,2 milljónum króna líkt og og Sjálfstæðisflokkurinn hefur gert. Tveir flokkar hafa eytt yfir milljón. Framsóknarflokkurinn hefur eytt 1,9 milljónum króna og Samfylkingin sem hefur eytt 1,2 milljónum.

Sósíalistaflokkurinn hefur eytt 650 þúsund krónum, Viðreisn 590 þúsundum, Píratar 580 þúsundum, Vinstri græn 480 þúsundum og Frjálslyndi lýðræðisflokkurinn 150 þúsundum. ■

Áfram Ísland!

Þetta er geggjaður hópur og allar stelpurnar með sjálfstraust til að mæta í þennan leik. Við ætlum okkur sigur, sagði Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir, fyrirliði íslenska landsliðsins í knattspyrnu, á fréttamannafundi í hádeginu í gær. Liðið freistar þess nú að komast á heimsmeistaramót í fyrsta sinn og mætir Evrópumeisturum Hollands í undankeppni HM 2023 á Laugardalsvelli í kvöld. Ísland er í riðli með Hollandi, Tékklandi, Hvíta-Rússlandi og Kýpur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ekki séns að Samfylking muni vinna með Sjálfstæðisflokki eftir kosningar

bth@frettabladid.is

Helga Vala Helgadóttir, þingmaður Samfylkingarinnar

STJÓRNMÁL „Það hefur ekkert breyst, við og Sjálfstæðismenn eigum enga samleið. Ástæðan er málefnaleg fjarlægð milli þessara tveggja flokka," segir Helga Vala Helgadóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, vegna þráláts orðróms um að flokkurinn hafi nýverið opnað á möguleika um ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokki.

Síðast í umræðuþættinum Silfrinu á RÚV um helgina var því haldið fram að mögulega hefði Samfylkingin breytt fyrri afstöðu sinni til samstarfs með Sjálfstæðisflokki. Helga Vala segir slíkt tal hreinan spuna: „Það eru hlutir sem nauðsynlegt er að fara í á næsta kjörtímabili og við vitum að Sjálfstæðisflokkurinn vill ekki, heilbrigðiskerfið er þar efst á blaði."

Mikið er rætt um möguleg stjórnarmynstur en samkvæmt könnun Fréttablaðsins er þriggja flokka meirihluti mjög ólíklegur vegna dreifingar fylgisins. Framsóknarflokkurinn virðist í góðri stöðu og er enginn flokkur líklegri til að fá inni í nýrri ríkisstjórn. Spurð hvort útilokun samstarfs við Sjálfstæðisflokk þrengi möguleika flokksins um of, lítur Helga Vala ekki svo á. Full samstaða sé um afstöðuna í forystu flokksins. „Það er bara enginn séns á að við getum unnið saman," segir Helga Vala. ■

Íslenskupróf fyrir umsækjendur um íslenskan ríkisborgararétt haustið 2021

Næstu íslenskupróf fyrir umsækjendur um íslenskan ríkisborgararétt verða haldin sem hér segir:

- **Akureyri: Fimmtudaginn 18. nóvember 2021, kl. 13.00 hjá Símey.**
- **Reykjavík: Vikuna 22. til 26. nóvember 2021, kl. 9.00 og 13.00 hjá Mími.**

Skráning er hafin á www.mimir.is.
Síðasti skráningardagur er 1. nóvember 2021.

Ekki er hægt að skrá sig eftir að skráningarfresti lýkur.
Prófgjaldið er 35.000 kr.

Grensásdeild fær loksins þá andlitslyftingu sem þurfti

Grensásdeild Landspítala mun taka stakkaskiptum á næstu árum en búið er að samþykkja um fjögur þúsund fermetra nýbyggingu og Hollvinasamtökin ætla að borga fyrir sérhannaðan garð þar sem sjúklingar geta æft undir berum himni.

benediktboas@frettabladid.is

Garðurinn verður með blómarækt og æfingatækjum fyrir sjúklinga.

SAMFÉLAG „Þeir sem eru staddir á Grensásdeild eru staddir þar vegna áfalla. Þau hafa misst mikið í lífinu og við þurfum að gera staðinn eins fallegan og vistlegan og hægt er," segir Guðrún Pétursdóttir, formaður stjórnar Hollvina Grensásdeildar, en samtökin brosa út að eyrum þessa dagana.

Annars vegar vegna þess að nýverið var samþykkt breyting á deiliskipulagi og mun um fjögur þúsund fermetra nýbygging rísa vestan megin við núverandi aðalbyggingu og hins vegar mun fallegur garður verða búinn til þar sem skjólstæðingar verða þjálfaðir úti við. Garðurinn kostar um 66 milljónir króna sem Hollvinasamtökin borga meðal annars úr sínum sjóði.

Guðrún segir að nýbyggingin sé eitthvað sem sé búið að undirbúa vel í töluverðan tíma enda henti húsnæðið ekki lengur fyrir starfsemina. Þar er gert ráð fyrir 19 nýjum einstaklingslegurýmum. Meðferðarstofur sjúklinga verða ekki færri en 32 á deildunum tveimur, 13 í núverandi húsnæði legudeildar og 19 í nýbyggingu.

Núverandi húsnæði Grensásdeildar stenst ekki grundvallarkröfur til endurhæfingar, auk þess sem ný þekking í endurhæfingu mænuskaðaðra og mikið slasaðra einstaklinga kallar á aukin hjálpartæki og búnað sem ekki rúmast í núverandi húsnæði.

> Þeir sem hafa notið þessarar þjónustu vita að á Grensásdeild gerast kraftaverkin.

Birgir Ingimarsson

Guðrún bendir á að það sé mat þeirra sem gerst þekkja til að best sé að byggja nýtt og sérhæft húsnæði sem styður við starfsemina.

Birgir Ingimarsson, sem einnig situr í stjórn, segir að garðurinn verði ekki minni bylting. „Þetta er verkefni upp á 66 milljónir sem við kostum. Þarna fara skjólstæðingar út með þjálfurum. Ég sjálfur fékk heilablóðfall 2011 og var inni á Grensásdeildinni í heilt sumar og hrökk í gang af starfsfólkinu," segir hann þakklátur. „Þeir sem hafa notið þessarar þjónustu vita að á Grensásdeild gerast kraftaverkin."

Endurhæfingardeildin var opnuð árið 1973 en húsnæðið var upphaflega hannað sem hjúkrunarheimili. Heildarkostnaður við nýbygginguna er áætlaður þrír milljarðar króna. Birgir bendir á að það sé áhugamál Hollvinanna að stórbæta húsnæði deildarinnar, því Grensásdeild hafi búið við alltof þröngt húsnæði, sem hamli allri starfsemi. „Við erum búin að hanga á húninum hjá heilbrigðisráðherra í mörg ár og loksins er draumurinn að verða að veruleika." ■

EKKI GERA SMYRJENDAMISTÖK!

Bíllinn þinn þarf reglulegt viðhald. Nýttu þér sértilboð á smurþjónustu hjá öllum viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota til 25. september.



Sértilboð á olíum, olíusíum, loftsíum, frjókornasíum, bensín- og hráolíusíum, þurrkublöðum, þurrkugúmmíi, perum, rúðuvökva, frostlegi, Adblue og þjónustu.*

Engin vandamál – bara lausnir

*Afsláttur af vörum gildir eingöngu með þjónustu á staðnum.

Toyota Kauptúni	Kauptúni 6	Garðabæ 570 5070
Toyota Akureyri	Baldursnesi 1	Akureyri 460 4300
Toyota Selfossi	Fossnesi 14	Selfossi 480 8000
Toyota Reykjanesbæ	Njarðarbraut 19	Reykjanesbæ 420 6610
Arctic Trucks	Kletthálsi 3	Reykjavík 540 4900
Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur	Bæjarflöt 13	Reykjavík 440 8000
Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur	Skemmuvegi 16	Kópavogi 440 8000
Nethamar	Garðavegi 15	Vestmannaeyjum 481 1216
Bílatangi	Suðurgötu 9	Ísafirði 456 4580
Bifreiðaverkstæði KS	Hesteyri 2	Sauðárkróki 455 4570
Bílaleiga Húsavíkur	Garðarsbraut 66	Húsavík 464 1888
Bílaverkstæði Austurlands	Miðási 2	Egilsstöðum 470 5070
Bílageirinn	Grófinni 14a	Reykjanesbæ 421 6901

Opnað á ferðalög Evrópubúa til Bandaríkjanna

thorvardur@frettabladid.is

BANDARÍKIN Umdeilt ferðabann bandarískra stjórnvalda vegna Covid-faraldursins hefur verið í gildi síðan í mars 2020 en heyrir brátt sögunni til. Farþegar frá Evrópusambandsríkjum, Schengen, Bretlandi og Írlandi sem eru fullbólusettir og geta fært sönnur á það munu geta ferðast til Bandaríkjanna frá nóvember. Bandaríkjastjórn kynnti fyrirhugaðar breytingar í gær.

Joe Biden, forseti Bandaríkjanna

Þetta er talinn mikill sigur fyrir embættismenn í Brussel og London sem lengi hafa reynt að sannfæra stjórn Joes Biden forseta um að aflétta banni á ferðalög frá Evrópuríkjum og Bretlandi.. ■

Flokkur fólksins er kominn á flug

adalheidur@frettabladid.is

KOSNINGAR Stjórnarflokkarnir tapa meirihluta sínum á þingi samkvæmt nýjum þjóðarpúlsi sem Gallup vann fyrir fréttastofu RÚV.

Vinstri græn fengju aðeins sex þingmenn en flokkurinn fékk ellefu þingmenn kjörna í síðustu kosningum. Sjálfstæðisflokkurinn fengi einum þingmanni færra en í síðustu kosningum eða 15 þingmenn.

Framsóknarflokkurinn er sá eini af stjórnarflokkunum sem er á siglingu. Flokkurinn fengi níu þingmenn samkvæmt könnuninni og myndi bæta við sig þremur þingmönnum frá síðustu kosningum.

Samkvæmt könnuninni er Samfylkingin stærstur stjórnarandstöðuflokka með átta þingmenn. Píratar fengju sjö þingmenn og viðreisn sex. Hástökkvari könnunarinnar er Flokkur fólksins sem fengi sjö prósent og fjóra þingmenn.

Sósíalistar og Miðflokkur fengju einnig fjóra þingmenn hvor. ■

Skítaveður á kjördag gæti haft áhrif á útkomuna

bth@frettabladid.is

KOSNINGAR Spáð er svokölluðu skítaveðri á kjördag, ekki síst á höfuðborgarsvæðinu. Á hádegi er spáð ausandi rigningu og jafnvel tuttugu metrum á sekúndu. Ef illviðrið gengur eftir gæti það haft áhrif ekki bara á kjörsókn heldur einnig á útkomu kosninganna.

Grétar Þór Eyþórsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskólann á Akureyri, segir að „alvöru skítaveður“ geti að líkindum helst haft áhrif á að eldra fólk fari síður að kjósa.

„Ef við gefum okkur að eitthvað sé til í þeirri tilgátu væru það Píratar og Viðreisn sem myndu síst tapa á því. Á hinn bóginn eiga þeir flokkar mest hjá yngstu hópunum sem skila sér verst á kjörstað hvort eð er,“ segir Grétar Þór.

Ólafur Þ. Harðarson, stjórnmálafræðiprófessor og helsti greinandi RÚV á kosninganótt, bendir á að rannsókn hafi verið gerð um veður og kjörsókn í borgarstjórnarkosningum í Reykjavík. „Mig minnir að

> Eldra fólk mætir síður á kjörstað í vondu veðri, segja stjórnmálafræðingar.

niðurstaðan hafi orðið sú að Sjálfstæðismenn fengju heldur meira fylgi í góðu veðri á kjördag,“ segir Ólafur.

Hann bendir á að boðað illviðri næsta laugardag skipti kannski eitthvað minna máli nú þar sem mun fleiri kjósi nú utan kjörfundar er áður.

„Fjölmiðlar ættu reyndar að hvetja fólk til að kjósa utan kjörfundar ef veðurspáin fyrir kjördag verður áfram skelfileg,“ segir Ólafur Þ. Harðarson. ■

Árásir á trúverðugleika enn kunnar innan kerfisins að mati Stígamóta

Saga Valgerðar Þorsteinsdóttur er saga fjölmargra brotaþola kynferðisofbeldis. Vakningin til bóta en ennþá oft ráðist að æru þess sem kærir, segja Stígamót.

bth@frettabladid.is

KYNFERÐISOFBELDI „Fjölskyldur og vinahópar eiga oft mjög erfitt með að taka á móti sögum brotaþola og trúa því upp á fólk sem því þykir vænt um að hafa brotið á öðrum kynferðislega,“ segir Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir, talskona Stígamóta. Fréttablaðið ræddi við hana um forsíðuviðtal helgarblaðs Fréttablaðsins við Valgerði Þorsteinsdóttur. Valgerður lýsti meðal annars neikvæðum afleiðingum sem fylgdu því að kæra ítrekuð meint brot í Grímsey, sem hún varð fyrir frá 14 ára aldri

„Saga Valgerðar er keimlík sögum margra brotaþola kynferðisofbeldis. Í hennar tilfelli klofnaði heilt bæjarfélag og það höfum við séð gerast áður. Við sjáum það sama gerast á minni skala hjá mörgu af því fólki sem leitar til Stígamóta. Þá ýmist stendur fólk með gerandanum eða ákveður að taka ekki afstöðu sem oft kemur illa við manneskjuna sem fyrir brotinu varð því hún upplifir ekki stuðning,“ segir Steinunn.

Valgerður upplifði mjög fjandsamlegt andrúmsloft þegar hún kærði málið til lögreglu og líkti því við miðaldir. Hún sagðist ekki hafa átt neinn séns gegn kerfinu. Talskona Stígamóta telur að mörg skref hafi verið tekin í áttina að brotaþolavænum lögregluranns óknum og skýrslutökum síðan. Fleiri og

Saga Valgerðar Þorsteinsdóttur er sumpart sögð dæmisaga fyrir þolendur kynferðisofbeldis. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

fleiri segist hafa fengið góðar móttökur. „En við heyrum líka af því að fólk mæti gamaldags viðhorfum. Á meðan margir í samfélaginu eiga erfitt með að trúa konum þegar þær segja frá ofbeldi og finnst eðlilegt að drusluskamma og draga úr trúverðugleika þeirra þá lifa slík viðhorf líka inni í kerfinu, því miður.“

Talskona Stígamóta segir jákvætt

> Það er alls ekki tryggt að brotaþoli mæti skilningi og stuðningi í dag.

Steinunn Gyðu- og Guðnadóttir, talskona Stígamóta

eftir vakningu seinni ára að fyrirmyndir séu margfalt fleiri í dag en árið 2014 þegar Valgerður kærði brotið. Hver byltingin hafi orðið á fætur annarri, svo sem Beauty Tips byltingin 2015, Höfum hátt, #MeToo 2017 og svo önnur bylgja #MeToo á þessu ári.

„Þetta skiptir allt máli. Ég held að brotaþolar fái oft meiri og víðtækari stuðning en áður. Hins vegar er ekki hægt að horfa fram hjá því sem gerst hefur undanfarnar vikur þar sem fólk leggur sig í líma við að draga úr trúverðugleika brotaþola á opinberum vettvangi. Þannig að það er alls ekki tryggt að brotaþoli mæti skilningi og stuðningi í dag heldur er einmitt oft ráðist að æru og manngildi þeirra. Gerendameðvirknin lifir enn góðu lífi,“ segir Steinunn. ■

XM | **Miðflokkurinn barðist gegn orkupakka 3. Orkupakki 4 er handan við hornið!**

Það hefur aldrei verið mikilvægara að setja X við M.

Auglýsa verkefni sem er ekki fyrir lofthrædda

kristinnhaukur@frettabladid.is

AUSTURLAND Landsvirkjun auglýsir nú krefjandi verkefni við uppsetningu hrunvarnargirðinga við Kárahnjúka. Samkvæmt auglýsingunni er verkið afar krefjandi því vinna þarf í miklum bratta og grafa í bæði laus og föst jarðlög. Mun þurfa að flytja öll aðföng að staðnum með krana eða þyrlu og öryggismál verða í fyrirrúmi. Sérhæfðrar þekkingar verður krafist í útboðsgögnum.

„Grjóthrun gæti sannarlega verið vandamál, ef ekki væri passað upp á að koma í veg fyrir það," segir Ragnhildur Sverrisdóttir, forstöðumaður samskipta og upplýsingamiðlunar Landsvirkjunar. Um sé að ræða viðhaldsverkefni, endurnýjun fyrri hrunvarna sem hafi verið settar upp við byggingu stíflunnar árin 2003 til 2007.

Ragnhildur segir þetta gert til að koma í veg fyrir að laust grjót hrynji úr Fremri-Kárahnjúk niður á aðkomuveginn að stíflumannvirkjunum.

„Þetta eru hrunvarnargirðingar, sem grípa hrunið sem verður þarna af náttúrulegum orsökum, það er frostsprengt grjót og rof sem verður við leysingar," segir hún.

Banaslys varð í gljúfrinu undir Fremri-Kárahnjúk árið 2004 þegar grjóthnullungur féll á starfsmann Arnarfells, undirverktaka Impregilo. Var þetta eitt af þremur banaslysum við byggingu virkjunarinnar.

> Grjóthrun gæti sannarlega verið vandamál, ef ekki væri passað upp á að koma í veg fyrir það.

Ragnhildur Sverrisdóttir, hjá Landsvirkjun

Girðingarnar hafa ekki verið hannaðar að fullu en þær verða 150 metra langar og 5 metra háar.

Landsvirkjun býður áhugasömum verktökum í vettvangsferð á staðinn þriðjudaginn 28. september en skráningu lýkur á föstudag. Tekið er fram að aðstæðurnar séu krefjandi og nauðsynlegt að vera í góðu líkamlegu ástandi til þess að taka þátt í ferðinni og að vera í góðum gönguskóm. Landsvirkjun mun ekki bjóða upp á hádegismat. ■



Vísindakaffi Rannís
í Perlunni

í kvöld kl. 20:00 - 21:30

Rannís býður upp á Vísindakaffi þar sem vísindafólk kynnir viðfangsefni sín á óformlegan hátt í þægilegri kaffihúsastemningu. Markmiðið er að færa vísindin nær fólki og segja frá rannsóknum sem skipta máli fyrir daglegt líf.

Vísindavaka
rannís

Málefni kvöldsins:

Bólusetningar - hvaða máli skipta þær?

Ingileif Jónsdóttir, prófessor við læknadeild Háskóla Íslands og deildarstjóri hjá Íslenskri erfðagreiningu.

Sjaldan eða aldrei hefur verið rætt jafnmikið um bólusetningar og nú. Ingileif fjallar um þýðingu bólusetninga á tímum heimsfaraldurs, þróun bóluefna og vernd gegn COVID-19 sjúkdómi og smiti, hjarðónæmi, bólusetningu viðkvæmra hópa og bóluefni gegn nýjum afbrigðum veirunnar.

Verið velkomin!
Kaffistjóri: Sævar Helgi Bragason

Hafsteinn er sannfærður um að frammistaða Ingu Sæland í leiðtogaumræðum hafi skipt sköpum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Hægriflokkar ítrekað verið vanmetnir fyrir kosningar

Almennt séð eru íslenskar skoðanakannanir nálægt úrslitum kosninga en þó mælist ofmat á vinstriflokkum eins og víða erlendis. Lokametrar kosningabaráttunnar geta skipt sköpum þar sem tugprósent fólks ákveða sig á kjördag.

kristinnhaukur@frettabladid.is

KOSNINGAR Í tvennum síðustu kosningum hefur munur á skoðanakönnunum og kosningaúrslitum í langflestum tilfellum verið innan við tvö prósent í heildina. Stærri munur getur komið fram hjá einstaka flokkum og birtist þá sú skekkja hjá öllum könnunarfyrirtækjum. Þetta kemur fram hjá Hafsteini Einarssyni, doktorsnema í félagstölfræði við Manchesterháskóla.

„Í alþjóðlegum samanburði geta Íslendingar verið nokkuð ánægðir með sínar kannanir," segir Hafsteinn. Hann hefur skoðað kannanir Fréttablaðsins, Gallup, MMR, Zenter og Félagsvísindastofnunar.

Árið 2016 birtist aðallega munur á tveimur flokkum þegar Sjálfstæðisflokkurinn var vanmetinn um 3,05 prósent og Píratar ofmetnir um 4,65. Ári seinna var enginn flokkur eins nálægt sínu könnunarfylgi og Píratar. En þá var Samfylkingin ofmetin um 2,36 prósent og Vinstri græn um 1,68 á meðan Framsóknarflokkurinn var vanmetinn um 1,84 prósent og Sjálfstæðisflokkurinn um 1,76.

> Það er ekkert víst að hið sama gerist aftur í ár.

Hafsteinn Einarsson, doktorsnemi í félagstölfræði

Vanmetnastur af öllum var Flokkur fólksins, um 2,64 prósent og er Hafsteinn sannfærður um að frammistaða formannsins, Ingu Sæland, í leiðtogaumræðunum hafi haft áhrif. Þeir sem ákveða sig á síðustu stundu eru nokkrir tugir prósenta og lokametrar kosningabaráttunnar geti því skipti sköpum. „Könnunarfyrirtækin mæla ekki þessa sveiflu," segir Hafsteinn.

Í báðum kosningunum birtist tilhneiging til þess að vanmeta hægriflokka og ofmeta vinstriflokka. Hafsteinn vill þó ekki fullyrða að lesendur verði alltaf að gera ráð fyrir slíkri skekkju. „Það er ekkert víst að hið sama gerist aftur í ár," segir hann. „Könnunarfyrirtækin hafa nú haft fjögur ár og aldrei að vita nema að breyting hafi átt sér stað á aðferðafræðinni."

Könnunarfyrirtækin reyna sífellt að bæta kannanir sínar til að hafa þær sem áreiðanlegastar. Fóru mörg í mikla naflaskoðun eftir mjög óvæntar kosningar um útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu og kosningasigur Donalds Trump árið 2016.

Spurður hvað geti valdið vinstri skekkju í könnunum segir Hafsteinn það geta stafað af aldursdreifingunni. Yngri kjósendur, sem líklegri eru til að kjósa til vinstri, skili sér ekki jafn vel á kjörstað og hinir eldri. „Mér finnst líka ekki ósennilegt að fólk sem er áhugasamt um að taka þátt í könnunum sé vinstrisinnaðra," segir hann. Einnig verði að taka tilviljun með í reikninginn.

Í kosningabaráttunni núna hefur fylgi flokkanna verið mjög stöðugt fram að mánaðamótum en síðan þá hefur verið vinstrisveifla í könnunum.

Kosningaþátttaka hefur dalað um 10 prósent á rúmum 30 árum og fór árið 2016 undir 80 prósentin í fyrsta sinn á lýðræðistímanum. Einkum hefur dvínað þátttakan hjá körlum. Þátttakan fór þó upp um 2 prósent árið 2017, einkum vegna aukinnar þátttöku ungs fólks. Hafsteinn segir líklegt að átakið Ég kýs hafi skipt þar miklu en óttast þó að þátttakan dali aftur í ár.

„Þetta verða mjög spennandi kosningar og tvísýnt hvort ríkisstjórnin haldi," segir Hafsteinn. „Kosningabaráttan hefur verið bæði málefnaleg og skemmtilegri en oft er af látið." ■

Leita allra leiða fyrir börn Kópaskers

bth@frettabladid.is

SKÓLAMÁL Kristján Þór Magnússon, sveitarstjóri Norðurþings, segir að sveitarfélagið geri allt hvað það geti til að opna aftur leikskóladeild á Kópaskeri, ekki síðar en fyrir næsta skólaár.

Fréttablaðið greindi frá því fyrir skemmstu að börn búsett á Kópaskeri þyrftu að aka tæplega 60 kílómetra daglega, til og frá leikskóla í Lundi, þar sem enginn starfsmaður fékkst í leikskólann á Kópaskeri nú að loknu sumarleyfi. Sveitarstjórinn segir málið mjög erfitt og ástandið þungt fyrir foreldra. „Við höfum reynt að leita samninga við foreldra um að bjóða akstursgreiðslur fyrir þær fjórar til fimm fjölskyldur sem lenda í þessu millibilsástandi."

Ekki sé heppilegt að aka börnum yngri en 4-5 ára með skólabíl svo langa leið. Aukinheldur sé nýbúið að semja um útboð á skólaakstri og þar hafi ekki verið gert ráð fyrir leikskólabörnum í bílnum. „Það gengur eiginlega ekki að aka yngstu börnunum með skólabíl. Þess vegna erum við að kanna allar leiðir og skoðum meðal annars hvort það gæti verið tímabundin lausn að kaupa eða leigja 30 manna bíl sem gæti tekið öll þessi börn, auk þess sem sérstakur starfsmaður yrði að vera í bílnum."

> Það gengur eiginlega ekki að aka yngstu börnunum með skólabíl.
>
> Kristján Þór Magnússon, sveitarstjóri Norðurþings

Mjög víða á höfuðborgarsvæðinu vantar starfsmenn nú á leikskóla. Í ljósi þess er ekki að undra að fámenn byggðarlög eigi í erfiðleikum með að fá leikskólakennara til starfa. Foreldrar á Kópaskeri sem blaðið ræddi við segja að kerfið hafi brugðist og kallaði ein móðir sem blaðið ræddi við stöðuna neyðarástand.

Spurður hvort ástandið geti leitt til fólksflótta úr dreifbýlinu, segir Kristján Þór: „Hættan er alltaf sú að fólk færi sig til og flytji þegar upp koma svona vandræði með grunnþjónustu. En ég vona einlæglega að þetta verði ekki til þess að barnafjölskyldur taki sig upp, þótt ástandið verði sennilega að einhverju leyti bagalegt í vetur." ■

41,8% þjóðarinnar
vill Katrínu áfram*
í embætti forsætisráðherra
Það skiptir máli hver stjórnar
* Samkvæmt könnun sem send var á könnunarhóp Prósents, 18 ára og eldri á Íslandi. Gögnin voru vigtuð eftir kyni, aldri og búsetu.
Úrtak 2.500 (einstaklingar 18 ára og eldri) af öllu landinu. Spurt var: Hvern myndir þú helst vilja sjá sem forsætisráðherra eftir alþingiskosningar 2021?

Fyrir fína fólkið

Björk Eiðsdóttir
bjork
@frettabladid.is

Síðastliðinn föstudag birtu ritstjóri og aðstoðarritstjóri DV yfirlýsingu þar sem þeir segja herferð hafa verið setta í gang til að þagga niður umfjöllun blaðsins sem tengdist landsþekktum einstaklingi.

Sögðu ritstjórarnir farir sínar ekki sléttar eftir að hafa fjallað í miðli sínum um málið og lýstu þöggunartilburðum þeim sem hafðir voru uppi. Í raun ganga þau svo langt að tala um að reynt hafi verið að koma í veg fyrir téða umfjöllun með áreitni í þeirra garð, andlegt ofbeldi og hótanir um að birting fréttarinnar myndi hafa afleiðingar fyrir þau persónulega.

Umrætt mál er ekki til umfjöllunar í þessum pistli heldur þetta umhverfi sem blaðamenn starfa í. Ritstjórarnir tóku fram í yfirlýsingu sinni að þeir hefðu á ferli sínum oftsinnis rætt við aðila sem jafnan teljist hættulegir samborgurum sínum. Þeir aðilar hafi þó ekki gerst líklegir til að beita slíkum brögðum til að koma í veg fyrir umfjöllun. Það sé fremur elíta landsins, fólkið sem telur sig yfir umfjöllun hafið.

Það er nefnilega fólkið sem ræður sér fjölmiðlafulltrúa til að stjórna umfjöllun um sig. Fólkið sem getur ráðið dýra lögmenn til að hóta lögsókn ef neikvæð umfjöllun birtist og fólkið sem hefur virkilegra hagsmuna að gæta í því að aðeins sé fjallað um hið jákvæða í fari þess og störfum, sem áreitir fjölmiðlafólk. Tilburðir Samherja í þessa átt eru líklega lifandi í minni lesenda. Það eru oft landsþekktir aðilar með tengingar á æðstu staði sem telja ekki eftir sér að hringja nokkur símtöl og kippa í spotta.

> En þetta virkar ekki svona, enginn er hafinn yfir réttmæta umfjöllun og aldrei hef ég starfað fyrir fjölmiðil þar sem slíkar hótanir hafa orðið til þess að prentvélar séu stöðvaðar.

En þetta virkar ekki svona, enginn er hafinn yfir réttmæta umfjöllun og aldrei hef ég starfað fyrir fjölmiðil þar sem slíkar hótanir hafa orðið til þess að prentvélar séu stöðvaðar. Þvert á móti.

Að þurfa að liggja undir ámæli um annarlegar kenndir, áreiti á heimili sínu og háværar hótanir frá aðilum máls eða jafnvel fjölmiðlafulltrúum sem innst inni vita mögulega að málstaðurinn sem þeir fá greitt fyrir að verja er vafasamur, er ólíðandi starfsumhverfi. En þó eitthvað sem alltof margir blaðamenn, og ég þar með talin, hafa upplifað.

Ég fagna yfirlýsingu ritstjóranna enda fullkominn óþarfi að þegja yfir slíkri háttsemi sem í besta falli truflar líf fólks sem er einfaldlega að vinna vinnu sína og í versta falli skaðar eðlilega fréttaöflun. ■

Ferskur fiskur og fiskréttir,
lax á grillið og humarsúpan í hádeginu.
Sjávarhornið - fiskverslun, Bergstaðarstræti 14

Halldór



Frá degi til dags

benediktboas@frettabladid.is
arib@frettabladid.is

KR-ingur leitaði í orð séra Friðriks

Kjartan Henry Finnbogason, leikmaður KR, gekk vasklega fram gegn Víkingi á lokasekúndum leiksins um helgina og uppskar rautt spjald fyrir ólætin. Kjartan baðst afsökunar á Twitter og leitaði í einkunnarorð Vals. „Lét kappið bera fegurðina ofurliði í gær ásamt fleirum. Ekki í lagi og biðst aftur afsökunar á því," skrifaði Kjartan Henry meðal annars. Á brjóstmynd af séra Friðriki Friðrikssyni, sem var reist að Hlíðarenda árið 1961, standa einmitt þessi einkunnarorð sem eiga að vera leiðarljós og takmark allra Valsmanna í leik og starfi. Og nú KR-inga.

Hí á þig

Háskóli Íslands hefur ráðist í allsherjar yfirhalningu á merki sínu og þar með ímynd. Í stað grámyglulegrar latínu verður opinbera heitið nú High-School Iceland Connect. Er það gert til að laða að fleiri skiptinema og útlenska fræðimenn. Þá verður alfarið hætt að tala um Háskóla Íslands, heldur aðeins sem HÍ, mun það stytta boðskiptileiðir um tugi mínútna á ári. Móttóið verður „Hí á þig". Þá hefur myndinni af Apenu úr grísku goðafræðinni verið skipt út fyrir Loka úr Marvel-goðafræðinni. ■

Hugrekki og metnaður í loftslagsmálum

Guðmundur Ingi Guðbrandsson
umhverfis- og auðlindaráðherra og skipar 1. sæti á lista VG í Suðvesturkjördæmi

> Þegar kemur að umhverfismálum, er munurinn sá að við munum eftir náttúruverndinni.

Við Vinstri græn lögðum nauðsynlegan grunn að framförum í loftslagsmálum á kjörtímabilinu eftir pólitískan doða áranna á undan. En við viljum taka stærri skref og hlaupa hraðar til að ná enn frekari árangri. Nýlega kynntu Ungir umhverfissinnar Sólina, einkunnir fyrir stefnur stjórnmálaflokkanna í umhverfismálum. Stefna VG fékk næsthæstu einkunn allra flokka. Einungis munaði 0,9 stigum á fyrsta og öðru sætinu. Atkvæði greitt VG er atkvæði greitt árangri í loftslagsmálum með náttúruvernd í öndvegi. Það höfum við sýnt. Við í VG sjáum tækifærin sem felast í breyttum heimi með lágkolefnishagkerfi, sterku hringrásarhagkerfi, grænum störfum og loftslagsvænni nýsköpun.

VG vill að Ísland setji sér sjálfstætt markmið um samdrátt í losun um að minnsta kosti 60% árið 2030 og að landið verði óháð jarðefnaeldsneyti í síðasta lagi árið 2045. Við viljum að umskiptin yfir í grænt hagkerfi verði réttlát og sanngjörn. Við viljum banna olíuleit og olíuvinnslu við Ísland og efla almenningssamgöngur og hjólreiðar. Við viljum tryggja sjálfbæra nýtingu lands og halda áfram að efla endurheimt votlendis, því þannig getum við dregið stórkostlega úr losun Íslands. Við viljum auka landgræðslu og skógrækt enn frekar og binda þannig meira kolefni úr andrúmsloftinu.

Á kjörtímabilinu höfum við snúið blaðinu við í loftslagsmálum og lagt grunn að loftslagsvænni framtíð með fjölda aðgerða. Munurinn á Vinstri grænum og öðrum stjórnmálaflokkum þegar kemur að umhverfismálum er sá að við munum eftir náttúruverndinni. Við viljum ná orkuskiptum í öllum geirum án þess að ráðast í óásættanlegar fórnir á stórbrotinni náttúru Íslands. Án inngripsmikilla virkjana sem skerða víðerni og sökkva landi. Og það er vel hægt. Hægri- og miðjuflokkar gefa að venju lítið fyrir náttúruverndina og minna hefur heyrst frá öðrum flokkum vinstra megin í pólitík hvað hana varðar.

VG boðar aukinn metnað og hugrekki til að takast áfram á við loftslagsmálin af krafti með náttúruvernd í öndvegi. Það skiptir máli hver stjórnar. ■

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Sigmundur Ernir Rúnarsson *ser@frettabladid.is*,
FRÉTTASTJÓRAR: Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is*
MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Reykjavík Metró

Runólfur Ágústsson
stjórnarmaður í Fluglestinni - þróunarfélagi ehf.

Síðastliðið haust voru Dýrafjarðargöng opnuð. Kostnaður við þessa miklu samgöngubót var rúmir 12 milljarðar króna. Fáir hafa gagnrýnt þá ráðstöfun á almannafé sem fyrst og fremst gagnast íbúum svæðisins en á Vestfjörðum búa rúmlega 7 þúsund manns. Heildarkostnaður við göngin og aðrar yfirstandandi samgönguframkvæmdir í fjórðungnum á Dynjandisheiði og í Teigsskógi mun nema um 26-27 milljörðum króna en á sama tíma gjörbreyta samgöngum og lífskjörum fólks fyrir vestan til hins betra. Hér er fjárfest í innviðum til framtíðar en kostnaður við þessi mikilvægu verkefni nemur tæplega 4 milljónum á íbúa.

Mikil vinna stendur nú yfir til að bæta almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu með fyrirhugaðri Borgarlínu. Fyrsti áfangi þessa mikilvæga verkefnis mun tengja nýja stöð við Krossamýrartorg í Ártúnshöfða um Vogabyggð, Suðurlandsbraut, gamla miðbæinn, Háskóla Íslands, Nýjan Landspítala, HR og yfir Fossvog um Kársnes að Hamraborg. Þetta er skynsamleg nálgun sem mun skapa nýjan valkost í samgönguásnum sem liggur frá miðborginni upp Ártúnsbrekku og þaðan í Grafarvog, Grafarholt og Mosfellsbæ. Þessi fyrsta Borgarlína liggur að mestu um ný hverfi (Ártúnshöfði, Vogabyggð, Vatnsmýri og Kársnes) eða með fram hinni rúmgóðu Suðurlandsbraut. Hún er því að bæta við flutningsgetu núverandi gatnakerfis og getur átt stóran þátt í að auðvelda umferð fólks á hinum annasama austur-vesturás þar sem vaxandi umferð er þung á annatímum.

Hinn stóri vandi í samgöngumálum höfuðborgarsvæðisins er norður-suðurásinn frá miðborginni um Kópavog og Garðabæ til Hafnarfjarðar. Ekki er áætlað að Borgarlína tengist Hafnarfirði fyrr en um 2030 og ýmislegt bendir til að þessi leið henti mun síður undir hraðvagna Borgarlínunnar í sérrými á yfirborði en austur-vesturásinn, sérstaklega vegna þrengsla og skorts á landrými.

Hér er því hvatt til að skoða þann valkost að nýta lestarsamgöngur í göngum frá Vallarhverfi í Hafnarfirði, um miðbæ Hafnarfjarðar, Garðabæ, Smáralind og Kringlu að BSÍ. Kostnaður við slík göng einn og sér gæti numið um tvöföldum þeim kostnaði sem nú er varið til samgöngubóta á Vestfjörðum eða um 50 milljörðum króna. Við þann kostnað bætast kostnaður við teina og lestar.

Þessi hugmynd hefur eftirfarandi kosti:

1. Hægt er að samnýta jarðgöng bæði fyrir sjálfkeyrandi lestir Borgarlínu og hraðlest til Keflavíkurflugvallar til að deila kostnaði.
2. Borgarlína í sjálfkeyrandi lestum myndi stytta ferðatíma milli Hafnarfjarðar og miðborgar Reykjavíkur niður í nokkrar mínútur og gjörbreyta samgöngumálum innan borgarinnar. Slíkir vagnar eru nú í rekstri í Kaupmannahöfn.
3. Hraðlest til Keflavíkurflugvallar myndi stytta ferðatíma milli miðborgar Reykjavíkur og alþjóðaflugvallarins niður í rúmar 20 mínútur. Slíkar lestir eru í rekstri bæði í Osló og Stokkhólmi.
4. Borgarlína í jarðgöngum og lest til Keflavíkur létta verulega á umferðarþunga á yfirborði, en þrengja ekki að núverandi vegakerfi líkt og Borgarlína á yfirborði myndi gera. Spáð er verulegum vexti í umferðarþunga bæði á Reykjanesbraut og innan höfuðborgarsvæðisins á næstu árum og áratugum. Þessi framkvæmd gæti ein og sér leyst þann fyrirséða vanda.
5. Rafknúin fluglest og Borgarlína draga úr losun og eru umhverfisvænar samgöngulausnir.
6. Verkefnið væri hægt að fjármagna utan gildandi samgönguáætlunar þar sem það hentar vel sem einkaframkvæmd eða samvinnuverkefni einkaaðila og opinberra (PPP).
7. Verkefnið væri hægt að vinna mun hraðar en gildandi áætlanir um Borgarlínu gera ráð fyrir.

Gera má ráð fyrir að heildarkostnaður við jarðgöng, Borgarlínulest og fluglest, myndi nema um 200-300 milljörðum króna. Miðast sú tala við þekktan kostnað við gangagerð hérlendis annars vegar og áætlanir Fluglestarinnar - þróunarfélags hins vegar. Jarðgangagerðin er hér ráðandi þáttur en rauntölur benda til mun lægri kostnaðar hér en víða erlendis, til dæmis í Kaupmannahöfn. Ef helmingur stofnkostnaðar yrði innheimtur sem afnotagjöld frá hinu opinbera fyrir Metró en ferðamenn greiddu með farmiðum í fluglestina fyrir afganginn fengju borgarbúar metrókerfi fyrir 150 milljarða króna. Kostnaður við slíkt næmi tæplega 700 þúsundum á íbúa.

Arðbærar fjárfestingar í innviðum eru samfélagslega hagkvæmar fjárfestingar til framtíðar sama hvort slíkt á sér stað vestur á fjörðum eða í höfuðborginni. Mikilvægt er að hugsa slíkt til langs tíma og velta upp öllum kostum og nýjum nálgunum. Smáskammtalækningar eru ekki alltaf besta lausnin. Stundum borgar sig að hugsa stórt. ■

Óskum eftir sálfræðingi

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

Auglýst er starf sálfræðings í sálfræðiþjónustu fyrir háskólanema á kennslusviði Háskólans á Bifröst. Leitað er að einstaklingi með faglegan metnað og reynslu á sviði sálfræðiþjónustu og áhuga á að taka virkan þátt í uppbyggingu og þróun þjónustunnar við nemendur skólans. Háskólinn á Bifröst hefur verið leiðandi í uppbyggingu fjarnáms á háskólastigi hér á landi síðastliðin 20 ár og er með starfsstöðvar á Bifröst og í Reykjavík.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Einstaklings- og hópmiðuð ráðgjöf og stuðningur.
- Námskeiðshald, ráðgjöf og fræðsla til nemenda.
- Lesa úr og túlka niðurstöður sálfræðilegra prófa.
- Þátttaka í þverfaglegri teymisvinnu á kennslusviði.
- Frumkvæði í þróun og uppbyggingu sálfræðiþjónustu við HB.
- Samstarf við allar deildir háskólans, náms- og starfsráðgjöf og aðra fagaðila.
- Þátttaka í þróunarverkefnum jafnt innan háskólans sem utan.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Framhaldsnám í sálfræði og starfsleyfi til að starfa sem sálfræðingur á Íslandi er skilyrði.
- Reynsla af sálfræðiráðgjöf í háskóla er kostur.
- Þekking og reynsla af hugrænni atferlismeðferð er kostur
- Þekking á sálfræðilegum prófum og greiningartækjum er æskileg.
- Reynsla af rafrænni ráðgjöf, hópráðgjöf og upplýsingatækni er kostur.
- Frumkvæði, drifkraftur og þjónustulipurð.
- Skipulagshæfileikar, sjálfstæð vinnubrögð og samskipta- og samráðsfærni.
- Góð íslensku- og enskukunnátta.

Umsóknir: Umsóknum skal fylgja greinargóð náms- og starfsferilskrá, afrit af prófskírteinum og starfsleyfi, ásamt kynningarbréfi. Ráðningin er tímabundin til 9 mánaða, frá 1. nóvember til 1. júlí 2022 og starfshlutfall 50%.

Starfsstöðvar: Á Bifröst og í Reykjavík.

Nánari upplýsingar: Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir kennslustjóri við Háskólann á Bifröst (kennslustjori@bifrost.is).

Háskólinn á Bifröst vinnur samkvæmt jafnréttisáætlun skólans og hvetur alla óháð kyni til að sækja um. Ráðningin er styrkt af mennta- og menningarmálaráðuneytinu sem liður í viðbrögðum stjórnvalda til að efla geðheilbrigðisþjónustu í háskólum.

Umsóknarfrestur er til og með 28.september 2021. bifrost.is

Það þarf að afla grænu orkunnar

Ingibjörg Isaksen

oddviti Framsóknarflokksins í Norðausturkjördæmi

> Orkan er ein stærsta auðlind Íslendinga og hana þarf að nýta.

Breytingum í átt til grænna atvinnulífs og umhverfisvænna samgangna fylgir margvíslegur ávinningur fyrir land og þjóð. Þótt mest sé horft á loftslagsmálin þarf vart að tíunda hver gjaldeyrissparnaðurinn verður af því að keyra allar innlendar samgöngur á grænni innlendri orku í stað innfluttra og mengandi orkugjafa. Fyrirséð er að á næstu árum þurfum við að taka enn stærri skref en áður í átt til grænnar atvinnustarfsemi og grænna samfélags.

En ef allt þetta á að verða að veruleika þarf að framleiða alla þessa grænu orku. Það er því forgangsmál að skoða hvaða möguleikar eru fýsilegir til að útvega aukna græna orku og mikilvægt að greina og velja hagkvæmustu kostina. Við megum ekki vera feimin við að ræða málin, spyrja erfiðra spurninga og taka fumlausar ákvarðanir til hagsbóta fyrir umhverfið og komandi kynslóðir. Hér á Íslandi eru vatns-, jarðvarma- og vindorka þeir möguleikar sem vænlegastir eru.

Orkan er ein stærsta auðlind Íslendinga og hana þarf að nýta. En ef við ætlum að vera forystuþjóð á sviði grænnar orku – þá þurfum við að afla hennar. Það liggur í augum uppi. Íslendingar hafa sýnt það í gegnum árin að við höfum þekkingu og reynslu í að virkja náttúruna og á sama tíma umgangast landið okkar og jörðina af virðingu og varfærni. Nú þarf að ræða hvar, hvernig og hversu hratt.

Traustir orkuinnviðir um land allt eru lykillinn að árangri í loftslagsmálum og þeirri grænu umbreytingu í atvinnu og samgöngumálum sem er í burðarliðnum. Það er mikilvægt að hugsa og nálgast málin af skynsemi, vega og meta þá kosti sem eru í boði og taka ákvarðanir sem koma sér vel fyrir framtíðarkynslóðir í landinu til lengri tíma. ■

Stefnir í fjöldaflokka vinstristjórn?

Ragnar Sigurðsson

skipar 4. sætið á framboðslista Sjálfstæðisflokksins í Norðausturkjördæmi

Hressandi áminning var að hitta fyrir kjósendur á Eskifirði um daginn þar sem menn höfðu áhyggjur af uppgangi vinstriflokkanna í komandi kosningum. Ótti manna er skiljanlegur. Hætta á fjölflokka vinstristjórn er raunveruleg. Vinstriflokkarnir vaða uppi í fjölmiðlum undir forystu skæruliða þeirra vinstrimanna, Gunnars Smára. Og þar lofa þeir öllu fögru. Hvers kyns upphlaup yrði til að skapa sundrung og ósætti í samfélaginu.

Óstöðug fjölflokka vinstristjórn?

Það er auðvitað rökrétt, að fólkið í landinu hafi áhyggjur af komandi kosningum. Blöðin greina þessa dagana frá könnunum um að fylgi framboða sé í járnum, mjótt á munum og smávægilegustu fylgisbreytingar hefðu töluverðar afleiðingar, bæði á þingmannafjölda og niðurstöðu. Við gætum setið uppi með fimm eða sex flokka ríkisstjórn til vinstri þar sem stöðugt ósamlyndi knýr á dyr stjórnarslita.

Þar væri efnahagslegur árangur og stöðugleiki síðustu ára lagður að veði. Um það vitna vinstrislys fyrri ára. Hafa menn gleymt óðaverðbólgu vinstristjórnanna frá 1978-1983 þegar niðurrifsöflin réðu ríkjum? Og rökkurheimar Jóhönnustjórnar hræða enn.

Þær þúsundir sem koma að atvinnulífi landsbyggðar hafa skiljanlega áhyggjur. Sjávarútvegur, fiskeldi, landbúnaður, álver, orku- og iðnaðaruppbygging sæta stöðugum árásum vinstrimanna með hótunum um sífellt auknar takmarkanir, hindranir og álögur.

Borgarsysturnar Sundrung og Ósætti

Öllum er hollt að horfa til óstjórnar og hneykslismála hjá Reykjavíkurborg þeirra Samfylkingarmanna og fylginauta, þar sem hvert tækifæri er nýtt til að hnýta í landsbyggðina. Þar hefur landsbyggðin þurft ítrekað slá skjaldborg um flugvöll allra landsmanna.

Undir slíkum kringumstæðum hlýtur atvinnurekstur að velta fyrir sér efnahagslegum stöðugleika. Spor vinstriflokkanna hræða vegna áætlana um stóraukna skattheimtu á atvinnustarfsemi, meira og flóknara regluverk og aukin ríkisafskipti og miðstýringu.

Áfram land tækifæra!

Við sjáum nú að íslenskt efnahagslíf er á góðum vegi til efnahagslegrar endurreisnar. Jafnvel nú á tímum heimsfaraldurs hefur hagkerfið sýnt sterkan viðnámsþrótt og vöxt í öðrum útflutningi en ferðaþjónustu. Heimilin og fyrirtækin hafa verið varin áföllum og útlit er fyrir meiri hagvöxt en áður var reiknað með.

Við Eskfirðinga og aðra segi ég: Hlustum ekki á sundurlyndisöflin. Full ástæða er til bjartsýni ef haldið er áfram að fylgja efnahagsstefnu sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur góðu heilli haft forystu um síðustu árin. Einungis þannig verður Ísland áfram land tækifæranna. ■

> Vinstriflokkarnir vaða uppi í fjölmiðlum undir forystu skæruliða þeirra vinstrimanna, Gunnars Smára. Og þar lofa þeir öllu fögru.

Hvað má almenningur ekki vita um sjávarútveginn?

Hanna Katrín Friðriksson

þingmaður Viðreisnar og í 1. sæti í Reykjavíkurkjördæmi suður

Af hverju má ekki upplýsa almenning um eignarhald stærstu útgerðarfyrirtækja Íslands í íslensku atvinnulífi? Þessi spurning brennur á mörgum nú í aðdraganda kosninga vegna þess dæmalausa feluleiks sem stjórnvöld settu á svið í kringum skýrslubeiðni sem við í Viðreisn höfðum forgöngu um að leggja fram undir lok síðasta árs.

Alþingi samþykkti einróma í desember síðastliðnum beiðni mína um að sjávarútvegsráðherra ynni skýrslu um eignarhald 20 stærstu útgerðarfélaganna í íslensku atvinnulífi. Markmiðið var meðal annars að veita almenningi mikilvægar upplýsingar um hvernig hagnaði af sameiginlegri auðlind þjóðarinnar hefur verið varið og sýna ítök stórútgerðarinnar í íslensku samfélagi í krafti nýtingar hennar á fiskveiðiauðlindinni. Nýtingar sem ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks, VG og Framsóknar ver með kjafti og klóm að verði ótímabundin þvert á vilja yfirgnæfandi meirihluta almennings. Hvað þá að markaðurinn fái að ráða verðinu fyrir aðgang útgerðanna að auðlindinni okkar.

Þegar skýrslan var loksins birt vantaði alveg í hana upplýsingar um tilteknar fjárfestingar, það er í hvaða fyrirtækjum og atvinnugreinum útgerðarrisarnir hafa fjárfest í. Þar með er ekki verið að upplýsa almenning um krosseignatengsl eða ítök útgerðarinnar í tilteknum kimum íslensks samfélags eins og við fórum fram á, og Alþingi samþykkti. Það er miður.

Víst má fólk vita

Sjávarútvegsráðherra Sjálfstæðisflokksins ber fyrir sig lög um persónuvernd. Að samkvæmt þeim megi almenningur ekki fá upplýsingar um hvernig þeir sem hafa auðgast gríðarlega á ótímabundnu einkaleyfi á veiðum úr sjávarauðlind þjóðarinnar hafa fjárfest í fjölmiðlum og fasteignum, matvælamarkaði og heilbrigðisgeiranum, ferðaþjónustu og veitingahúsum. Svo fátt eitt sé talið.

Staðreyndin er hins vegar sú að þetta eru opinberar upplýsingar þó flækjustigið sé slíkt að það er ekki einfalt fyrir hvern sem er að draga þessar upplýsingar saman. Enda gerir Persónuvernd alvarlegar athugasemdir við skýrsluna, ekki síst við vinnslu hennar þar sem ekki var haft samband við Persónuvernd sem hefði getað leiðbeint og leiðrétt þann „misskilning“ að allt væri þetta mjög mikið leyndarmál.

Það sem var í skýrslunni

Þrátt fyrir þessa ótrúlegu brotalöm á skýrslunni koma þar engu að síður fram mikilvægar upplýsingar um að á árunum 2017, 2018 og 2019 jukust fjárfestingar stórútgerðarinnar í íslensku atvinnulífi um tæpa 60 milljarða. Þetta eru upplýsingar sem eru gefnar í bókfærðu verði en raunverulegt verð sem byggir á markaðsverðmæti þeirra fyrirtækja sem er fjárfest í, er alla jafna töluvert hærra. Þó svo að bara sé miðað við bókfærða verðið þá eru árlegar fjárfestingar í óskyldum atvinnurekstri fjórfalt meiri en veiðigjöldin sem ríkisstjórnin telur þessi sömu útgerðarfyrirtæki ráða við að greiða íslenskri þjóð fyrir aflaheimildir, fyrir afnot af sjávarauðlindinni. Svo því sé til haga haldið.

Sátt um þessa mikilvægu stoð

Sjávarútvegur er ein mikilvægasta stoð íslensks efnahagslífs. Eiginfjárstaða sjávarútvegsfyrirtækja hefur batnað verulega frá hrunsárunum og stóð bókfært eigið fé þeirra í 276 milljörðum króna við lok árs 2018. Vísbendingar eru um að fjárfestingar þeirra út fyrir sjávarútveginn hafi aukist í samræmi við það. Það er jákvætt að því leyti að það dreifir áhættu félaganna sjálfra en þessi þróun getur að sama skapi hæglega leitt til verulegrar uppsöfnunar eigna og áhrifa á fárra hendur og dregið úr virkri samkeppni á mörkuðum.

Smæð íslensks atvinnulífs gerir okkur sérstaklega viðkvæm fyrir fákeppni.

Vegna þessarar stöðu töldum við í Viðreisn mikilvægt að upplýsingar um eignarhluti 20 stærstu útgerðarfélaganna og tengdra aðila í óskyldum atvinnurekstri hérlendis yrðu teknar saman. Með þeim upplýsingum sem við báðum um, með stuðningi þingmanna úr flestum flokkum, væri nefnilega hægt að varpa ljósi á raunveruleg áhrif aðila sem hafa einkaleyfi til nýtingar fiskveiðiauðlindarinnar á íslenskt atvinnulíf og samfélag. Við töldum að slík skýrsla gæti orðið mikilvægt framlag til umræðunnar um dreifða eignaraðild útgerðarfélaga og skráningu þeirra á markað en það er rétt að minna á það hér að nýleg Gallupkönnun sýnir að tæp 77 prósent þjóðarinnar vilja að útgerðin greiði markaðsgjald fyrir aflaheimildir.

Þeir sem verja núverandi fyrirkomulag við greiðslu fyrir nýtingu á sjávarauðlindinni gera það gegn allri skynsemi, gegn allri sanngirni – og gegn vilja yfirgnæfandi meirihluta þjóðarinnar. Þessu ætlum við í Viðreisn að breyta. ■

> Þegar skýrslan var loksins birt vantaði alveg í hana upplýsingar um tilteknar fjárfestingar, það er í hvaða fyrirtækjum og atvinnugreinum útgerðarrisarnir hafa fjárfest í.

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

ÞRIÐJUDAGUR 21. september 2021

Að borða í geimnum er flókið.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Ný prjónaskeið fyrir geimfara

sandragudrun@frettabladid.is

Það að borða í geimnum getur verið flókið og krefst annars konar áhalda en á jörðu niðri þar sem fólk þarf ekki að hafa áhyggjur af að maturinn fljóti af disknum. Nýlega hannaði Nikolas Grafakkos „prjónaskeið“ sem á að hjálpa geimförum að borða úti í geimnum og gera þeim kleift að borða fjölbreyttari tegundir af mat. Sérstaklega á löngum ferðum eins og til Mars.

Prjónaskeiðin er hluti af hnífaparalínu sem hefur verið hönnuð til að nota í geimferðum. Skeiðin á að geta haldið mat betur í þyngdarleysi en aðrar skeiðar sem notaðar hafa verið í geimnum. Venjulega þarf matur að vera mjög maukkenndur svo hann klístrist við skeiðina þegar ekki er hægt að stóla á þyngdarafl til að halda matnum á skeiðinni.

Hægt að borða fjölbreyttara

Skeiðar sem geimfarar nota venjulega líkjast venjulegum skeiðum en eru þó aðeins lengri. En nýja prjónaskeiðin líkist einhverju sem á milli þess að vera skeið og matarprjónn. Það gerir geimförum kleift að klípa í matinn og halda á honum þannig. Með þessu móti er auðveldara að hafa stjórn á matnum og hægt er að halda á mat sem er þurrari og með fjölbreyttari áferð en áður var mögulegt úti í geimnum. ■

Þrýstingsmeðferðir eru ekki eingöngu fyrir fólk sem hefur undirliggjandi sjúkdóma heldur henta einnig fólki sem stendur mikið við vinnu eða fólki sem er í mikilli kyrrstöðu, segir Sara Lind, sem stýrir þrýstingsmeðferðadeild Stoðar.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Aukið blóðflæði – betri heilsa

Þrýstingsmeðferðir geta verið einstaklega öflugar til að meðhöndla ýmis einkenni í útlimum ásamt því að geta fyrirbyggt sjúkdómsástand. Vinsælasta þrýstingsmeðferðin eru þrýstingssokkar, en Stoð hefur boðið upp á þrýstingsmeðferðir í yfir 30 ár. 2

Sara Lind stýrir þrýstingsmeðferðadeild Stoðar. Hún segir að margir upplifi að hafa öðlast nýtt líf við að nota þrýstingssokka eða annan þrýstingsfatnað. „Ein kona sagði að hún hefði líklega verið komin í hjólastól, ef hún hefði ekki fengið þessa sokka," segir Sara, en hún hefur fengið margar ánægjulegar reynslusögur frá þakklátum viðskiptavinum. „Margir hafa einnig lýst minni verkjum og segja að geta til hreyfinga og daglegra starfa hafi stóraukist," heldur Sara áfram.

„Þrýstingsmeðferðir eru ekki eingöngu fyrir fólk sem hefur undirliggjandi sjúkdóma heldur henta þær einnig fólki sem stendur mikið við vinnu eða fólki sem er í mikilli kyrrstöðu. Margir þjást af fótapirringi eða fótaóeirð, eins og það er oft kallað, og geta þrýstingsmeðferðir verið góð leið til að vinna bug á þeim hvimleiða vanda. Einnig hafa þrýstingsmeðferðir hjálpað ófrískum konum sem oft hafa tilhneigingu til að fá bjúg. Ekki má gleyma íþróttafólkinu og öðrum sem hreyfa sig eða ferðast mikið, en Stoð býður upp á íþrótta- og flugþrýstingssokka sem geta aukið blóðflæði og flýtt endurheimt eftir erfiðar æfingar, löng hlaup, golf, göngur eða flug," segir Sara.

„Hjá Stoð fást líka sokkaífærur, en það er hjálpartæki til að komast í sokkana," heldur Sara áfram. „Erfitt getur verið að komast í þrýstingssokka, enda er mikilvægt að sokkarnir veiti góðan þrýsting. Stoð býður upp á nokkrar gerðir af sokkaífærum, einnig fyrir fólk með skerta hreyfifærni sem á til dæmis erfitt með að beygja sig niður til að klæða sig í sokka."

Margir finna fyrir minni verkjum og að geta til hreyfinga hafi stóraukist eftir meðferð, segir Sara Lind.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Þrýstingssokkarnir frá MEDI eru með þrepaþrýstingi, þar sem þrýstingurinn er mestur við ökkla en dregur svo jafnt úr þrýstingi upp legginn. MYND/AÐSEND

Hvað er bjúgur?
Margir þekkja það að hafa bjúg, oft í fótum og ökklum og er þetta hvimleiður vandi þar sem þroti eða bólga er í vefjum líkamans. Bæði tímabundin heilsufarsvandamál og sjúkdómar geta haft áhrif á blóðrásar- og sogæðakerfi líkamans og geta þessi vandamál valdið bjúg og verkjum í útlimum. Þrýstingsmeðferð er einföld og gagnleg leið til að meðhöndla slík einkenni.

Bjúgurinn stafar af vökvasöfnun í vefjum og margt getur valdið því að vökvi safnist þar upp. Fyrir utan sjúkdóma getur bjúgur til dæmis verið aukaverkun ákveðinna lyfja, einnig getur mataræði, hreyfingarleysi, þröngur fatnaður og fleira haft áhrif á bjúgmyndun í líkamanum.

Réttar þrýstingsmeðferðir veita aðhald og minnka samsöfnun blóðs í æðum og koma þannig í veg fyrir að vökvi leki úr æðunum og valdi bjúg. Þrýstingsmeðferðir hafa einnig góð áhrif á sogæðakerfi líkamans, en sogæðakerfið er hluti af ónæmiskerfi líkamans og má finna sogæðar um hann allan. Í líkamanum erum við með um 18 lítra af sogæðavökva og það er í raun ekkert hjarta sem pumpar þeim vökva, eins og hjartað sem pumpar blóðinu. Til að koma hreyfingu á sogæðavökva líkamans skiptir djúpöndun og hreyfing miklu máli, en einnig geta þrýstingsmeðferðir haft mjög jákvæð áhrif á þetta kerfi líkamans.

Hverjir þurfa á þrýstingsmeðferðum að halda?
Fólk með æðahnúta, bjúg, sogæðabjúg, lélegt sogæðakerfi eða blóðæðasjúkdóma og einnig þeir sem hafa fengið blóðtappa fá mikinn ávinning af þrýstingsmeðferðum. Slíkar meðferðir gagnast einnig fólki með taugasjúkdóma á borð við MS, Parkinson, hreyfihamlaða eða einstaklinga með hjartabilun, nýrnasjúkdóma eða þá sem eru með þrálát fótasár. Fólki sem er að koma úr aðgerð á fótum, til dæmis liðskiptaaðgerð, gagnast þessi meðferð líka. En eins og fram hefur komið geta flestir haft not af þrýstingsmeðferðum í sínu daglega lífi, hvort sem það er íþróttafólk, fólk sem stendur í vinnunni og kyrrsetufólk, svo eitthvað sé nefnt.

Hentar samt ekki öllum
Við mælum ekki með að fólk með undirliggjandi sjúkdóma á borð við æðakölkun, útæðasjúkdóm eða slagæðasjúkdóm noti þrýstingssokka eða aðrar þrýstingsmeðferðir, nema ef læknir hefur ráðlagt slíka meðferð. Ef grunur leikur á að ofangreindir sjúkdómar séu að valda einkennum í útlimum, mælum við með að fólk ráðfæri sig við lækni áður en slíkar meðferðir eru valdar.

Niðurgreitt af Sjúkratryggingum
Margir eiga rétt á að fá niðurgreiddar þrýstingsmeðferðir frá Sjúkratryggingum Íslands (SÍ). Algengast er að fólk sé með niðurgreiðslu á fjórum pörum af þrýstingssokkum á ári. Læknar eða sjúkraþjálfarar þurfa að sækja um niðurgreiðslu í upphafi, enda þurfa þeir að ganga úr skugga um að einstaklingar eigi rétt á niðurgreiðslu, en staðfesta þarf undirliggjandi orsök einkenna með réttri sjúkdómsgreiningu. Stoð getur sótt um framhald á niðurgreiðslu meðferða ef um slíkt er að ræða.

Það getur tekið allt að fjórar vikur að fá niðurstöðu umsóknar frá SÍ og mælum við með að einstaklingar panti tíma hjá sérfræðingum Stoðar eftir að beiðni hefur verið samþykkt. Sérfræðingar Stoðar framkvæma mælingar og gera athuganir sem á þarf að halda til að kanna hvort einstaklingur þurfi hefðbundna þrýstingsmeðferð eða sérhannaða. Mjög mikilvægt er að þrýstingsfatnaðurinn veiti réttan þrýsting fyrir meðferðaraðilann. Ef um sérsaum er að ræða eru mælingar sendar til Þýskalands, þar sem fatnaðurinn er svo framleiddur og tekur það um 2-3 vikur að fá þá pöntun afgreidda frá Stoð. Hefðbundnar vörur fær fólk með sér heim sama dag og mælingar fara fram.

MEDI – hágæða þrýstingssokkar
Sokkarnir frá Stoð koma frá fyrirtækinu MEDI sem er brautryðjandi í framleiðslu á sjúkrasokkum og þrýstingsfatnaði. Það sem einkennir þeirra sokka sérstaklega er hversu vel þeir lofta. 90% rakans frá húðinni smjúga út um sokkana og kemur þannig í veg fyrir svita og kláða. Útlitið á sokkunum er líka í stöðugri þróun og hefur leitt til þess að varla er hægt að sjá mun á sjúkrasokkum og venjulegum sokkum.

Þrýstingssokkarnir frá MEDI eru með þrepaþrýstingi, þannig að þrýstingurinn er mestur við ökklann en dregur svo jafnt úr þrýstingi upp legginn. Þessi eiginleiki tryggir að vökvinn flæðir alltaf upp á við. Þetta er mikilvægt atriði, því þrýstingssokkar sem hafa sama þrýsting við ökkla og til dæmis kálfa geta þrýst vökva í báðar áttir; upp til hjartans, eins og á að gera eða niður í fætur, sem skal forðast.

Þjónusta Stoðar
Í dag er Stoð með tvær verslanir, eina í Hafnarfirði og aðra á Bíldshöfða. Hefðbundnir þrýstingssokkar fást í báðum verslunum, ásamt íþrótta- og flugsokkum. Þrautþjálfað starfsfólk starfar í afgreiðslu Stoðar og getur aðstoðað fólk sem þarf á hefðbundnum þrýstingssokkum að halda, er að leita eftir þrýstingssokkum fyrir íþróttaiðkun eða fyrir flugið. Ef um sérsaum er að ræða er best að panta tíma hjá Söru Lind, en sérsaumur er eingöngu í boði í Hafnarfirði. ■

> **Með því að fara í þrýstingssokka strax á morgnana kemur fólk í veg fyrir að það fái bjúg í fæturna yfir daginn.**

Hægt er að panta tíma í mælingu á heimasíðu Stoðar, senda póst á saras@stod.is eða hringja í síma

Þrýstingssokkarnir eru einstaklega klæðilegir og líkjast hefðbundnum nælonsokkum.
MYND/AÐSEND

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf.
Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson

Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is, s. 550 5766 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Starri Freyr Jónsson starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

FRÉTTABLAÐIÐ

Einingahús

KYNNINGARBLAÐ

ÞRIÐJUDAGUR 21. september 2021

Kynningar: Húsasmiðjan, BYKO.

Sveinn Enok til vinstri og Sveinn Halldór Skúlason til hægri, standa hér fyrir framan sýningarhús Húsasmiðjunnar í Skútuvogi. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Fullbúin heilsárs- og orlofshús í Húsasmiðjunni

Húsin frá Húsasmiðjunni hafa heldur betur slegið í gegn hjá íslenskum neytendum enda koma þau fullbúin með öllu frá gólfefnum, eldhús- og baðinnréttingum, til ljósa og heimilistækja. 2

Fullbúnu húsin henta hvort tveggja sem sumarhús eða heilsárshús, þau koma algerlega tilbúin á staðinn og þarf ekkert að gera nema setja þau á undirstöður og tengja inn vatn og rafmagn. Allt kemur tilbúið. „Það eru komin tvö ár síðan við í Húsasmiðjunni hófum þessa vegferð að bjóða upp á fullbúin hús sem koma tilbúin til kaupanda," segir Sveinn Enok Jóhannsson, vörustjóri hjá Húsasmiðjunni, „og enn sér ekki fyrir endann á vinsældunum. Við ákváðum fyrst að taka inn einfaldar lausnir, þar sem við bjóðum upp á hús í einni einingu, allt að 52 fm að stærð. Viðskiptavinir voru greinilega þyrstir í þess háttar lausn því salan gekk algerlega vonum framar á síðasta ári. Húsasmiðjan getur svo boðið þessi hús á ótrúlega hagstæðu verði sem auðvitað ýtir enn undir vinsældirnar," segir Sveinn Enok.

Sveinn Halldór Skúlason, verkefnastjóri fagsölusviðs Húsasmiðjunnar, bætir við: „Í sumar ákváðum við að eyða enn meira púðri í fullbúnu húsin og prófuðum að bjóða upp á stærri fullbúin hús frá 64 fm upp í 92 fm. Við vorum búin að setja saman heljarinnar auglýsingapakka til að auglýsa nýjungarnar, en þegar á hólminn var komið sáum við að það tók því varla að auglýsa. Við réðum varla við að taka niður pantanir því eftirspurnin var svo mikill.

Það kom okkur algerlega í opna skjöldu hve mikill áhuginn var. Ég er á því að þetta er að hluta til Covid-faraldrinum að þakka. Fólk hefur allt í einu tíma og fjármuni til að byggja sér sumarhús. Svo eru sumarhús orðin mjög góð fjárfesting því verðið á þeim fer bara hækkandi. Einmitt þessa vegna koma fullbúnu húsin okkar svona sterk inn á markaðinn sem hagkvæmur, einfaldur og ódýr kostur. Þegar sumarhúsið er komið til landsins líða aðeins örfáir dagar uns fjölskyldan getur notið sín í sveitasælunni," segir Sveinn Enok.

Sýningarhúsnæðið fyrir utan Húsasmiðjuna í Skútuvogi er glæsilegt. Um er að ræða 52 fm einingahús með tveimur svefnherbergjum, baðherbergi og opnu eldhúsi og stofu.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Húsin koma fullbúin með rafmagni, pípulögnum og öllu. Í tilfelli stærri húsanna þarf rétt að klára frágang á milli eininganna að innan og utan.

Þeir Sveinn og Sveinn segja að vinsældir fullbúnu húsanna frá Húsasmiðjunni hafi komið skemmtilega á óvart.

Baðherbergið er stórglæsilegt og innréttað með hágæða hreinlætistækjum.

Herbergin eru rúmgóð og björt.

Fullbúnu húsin frá Húsasmiðjunni eru björt og skemmtileg með stórum gluggum.

Margt í boði

Það hefur verið vinsælt hjá Íslendingum að kaupa fullbúnu húsin og nota sem sumarbústaði. „Með stærri valkostum verður það síalgengara að nýta húsin sem heilsárshús. Enda uppfylla fullbúnu húsin frá Húsasmiðjunni öll þau skilyrði sem þarf hvað varðar byggingarreglugerðir, einangrunargildi, hurðarop, brunavarnir og annað.

Minnsta fullbúna húsið okkar er 15 fm stúdíóeining með baðherbergi og eldhúskrók. Einnig erum við með 40 fm einingu sem skiptist í tvær stúdíóíbúðir. Þessa tegund hefur ferðaþjónustan mikið nýtt sér. Þá erum við með fjölda fyrirspurna og undirbúningsverkefna í gangi á Suðausturlandi fyrir ferðaþjónustuna þar," segir Sveinn Halldór.

„Stærstu fullbúnu húsin okkar eru 92 fm einbýlishús og koma í tveimur hlutum sem þarf að setja saman á staðnum. Þá þarf að hífa einingarnar saman á sökkulinn, ganga frá saumum á milli, þaki og listum að innan. Þetta er verkþáttur sem er teljandi í dögum, en ekki vikum eða mánuðum eins og með flóknari einingahús. Húsin eru með þremur rúmgóðum herbergjum, baðherbergi og opnu eldhúsi og stofu. Það er skemmtilegt að segja frá því að fyrir stuttu seldum við enn eitt svona sem heilsárshús og var verið að taka það í notkun núna á dögunum í Tjarnabyggð á Selfossi," bætir Sveinn Enok við.

Vinaleg raðhús

Sveinn Enok minnist á þá tíma þegar algengt var að fólk byggði sín eigin hús. „Það er ekki langt síðan það var venjan. Oft tóku nokkrar vinafjölskyldur sig saman og byggðu saman raðhús. Það finnst mér afar falleg og rómantísk hugmynd. Ég sé alveg fyrir mér að raðhúsabyggðir úr okkar húsum geti verið afar vænlegur kostur fyrir fólk sem vill byggja í dag. Við höfum nú þegar verið í viðræðum við tvö sveitarfélög um byggingu á raðhúsum sem kæmu á staðinn í fullbúnum einingum sem settar væru saman á verkstað og tilbúnar til notkunar á innan við viku eftir samsetningu."

Lægri flutningskostnaður

Húsasmiðjan þjónustar viðskiptavini um land allt um fullbúin hús í fjölbreyttum stærðum og gerðum. „Stærð húsanna sem við bjóðum upp á í dag takmarkast í raun ekki við neitt annað en hurðaropið á verksmiðjunni," segir Sveinn og kímir. „Fullbúnu húsin koma frá Litáen og eru öll afhent í höfn í Reykjavík af flutningaskipinu okkar sem flytur meðal annars evrópskt stál og timbur mánaðarlega frá Eystrasaltinu. Með því að flytja með okkar eigin skipi náum við að halda flutningskostnaði í lágmarki fyrir viðskiptavini. Við leggjum áherslu á að bjóða upp á vandaða lausn á hagstæðu verði og það skýrir auðvitað vinsældirnar.

Fullbúnu húsin frá Húsasmiðjunni eru mun ódýrari kostur en að steypa upp hús frá grunni. Við höfum nú þegar reist tvö slík hús fyrir norðan. Svo eru þriðja og fjórða húsið á leiðinni þar upp núna í vor.

Það hefur jafnvel komið upp sú hugmynd að bjóða mönnum upp á að flutningaskipið stoppi fyrst við fyrir norðan og skili af sér húsum þar ef fleiri þar taka sig saman og panta á sama tíma. Það myndi strax minnka flutningskostnaðinn sem og auðvitað minnka kolefnissporið við flutninginn," segir Sveinn Halldór.

Spennandi nýjungar

„Helstu fréttir hjá okkur eru þær að stefnan er tekin á að byrja að bjóða samhliða upp á fullbúin hús frá öðru fyrirtæki, sem starfar meira inni á lúxusmarkaðnum. Við erum þessa dagana að ákveða hvaða lausnir henta íslenska markaðnum og erum að vinna með gríðarlega öflugum framleiðanda. Sá framleiðandi stílar inn á meiri munað í innréttingum og efnisvali. Sá valkostur verður þá eitthvað dýrari og höfðar frekar til viðskiptavina sem vilja enn meiri lúxus.

Þessi hús yrðu einnig „Key ready – Plug and play" fullbúin hús eins og við bjóðum upp á í dag. Þá væri hægt að panta þau næstum eins og flatböku. Menn myndu velja liti á innréttingum, efni, og fleira. Þetta yrði allt sett upp í einfalt pöntunarform og þú sæir breytingarnar á húslíkani á sama tíma. Í þessum pöntunarlista væri einnig hægt að panta hús sem er utan rafveitunets, og er þá útbúinn sólarpanell svo að hægt sé að vera sjálfum sér nógur um orku," segir Sveinn Enok að lokum. ■

Hægt er að sjá verð, teikningar og nánari upplýsingar á husa.is

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson | Sölumaður auglýsinga: Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103. | Veffang: frettabladid.is

STYTTU FERLIÐ Á HAGSTÆÐAN HÁTT



VELDU SMELLINN HÚSEININGAR

Því fyrr sem húsnæðið rís því fyrr geturðu flutt inn. Smellinn forsteyptar einingar stytta byggingartímann. Snjall, traustur og fljótlegur kostur fyrir byggingaraðila sem vilja stytta leiðina heim.

Berið saman verð og gæði. Íslensk framleiðsla tryggir öruggt ferli alla leið.

GÆÐAKERFI VOTTAÐ VOTTUN HF ÍST ISO 9001

Hafðu samband við ráðgjafa okkar og fáðu nánari upplýsingar í síma **412 50 50** eða á netfanginu **sala@bmvalla.is**

bmvalla.is

BM·VALLÁ

Piper\TBWA \ SÍA

Sér gosið út um eldhúsgluggann í draumahúsinu

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg
@frettabladid.is

„Mér finnst ég hvern dag stödd í æðislegum draumi. Þetta er draumahúsið og allt innanstokks og utan er eins og ég vil hafa það; við gátum leyft okkur það," segir Ragnhildur Hanna Finnbogadóttir leikskólakennari í Vogum á Vatnsleysuströnd.

Ragnhildur er nýflutt í höll drauma sinna; glæsilegt einbýlishús frá einingahúsaverksmiðjunni Tivo í Lettlandi.

„Við maðurinn minn, Rúnar Vigfússon, tókum ákvörðun um að flytja til Voga fyrir tuttugu árum síðan. Við erum bæði fædd og uppalin á höfuðborgarsvæðinu en þegar börnin voru orðin þrjú þurftum við að stækka við okkur og sáum að í Vogum gætum við keypt einbýlishús fyrir íbúðarverð í bænum," upplýsir Ragnhildur.

„Hér er dásamlegt að vera og við höfum aldrei séð eftir því að taka þetta skref og flytja í Voga. Því fylgdi í raun mikill léttir, hér er miklu minna stress en í bænum og náungakærleikurinn allsráðandi, hér er yndislegt að ala upp börn og allir hjálpast að í góðu samfélagi þar sem allir skipta máli."

Yndislegt að búa í Vogum

Þegar Ragnhildur og Rúnar fluttu með börnin sín í Voga keyptu þau gamalt hús sem þau gerðu upp en þegar tvö af þremur börnum þeirra voru flogin úr hreiðrinu var kominn tími til að minnka við sig.

„Þá kom aldrei annað til greina en að vera áfram í Vogum. Við ætluðum bara að minnka við okkur og kaupa lítið parhús, en það var ekki til og skortur á húsnæði til sölu í Vogum. Fólki líður svo vel hér suður með sjó og margir sem eru að flytja hingað úr bænum," greinir Ragnhildur frá.

Þau Rúnar seldu fljótt gamla húsið sitt og þurftu að hafa hraðar hendur með framtíðarhúsnæði.

„Við gátum ekki beðið lengi og fluttum inn á tengdaforeldra okkar í millitíðinni á meðan nýja húsið reis. Þegar upp var staðið minnkuðum við ekki við okkur nema um níu fermetra. Við sáum fallegt einingahús rísa við sömu götu og nýja húsið okkar stendur nú við og leist afar vel á; þetta var ódýr kostur og innflytjandinn, Verslunarfélagið Emerald, bauð upp á flottar lausnir, svo við ákváðum að kaupa okkur lóð og byggja einingahús sem uppfyllti okkar óskir og drauma," segir Ragnhildur.

Í nýja húsinu er eldhúsið í mestu dálæti hjá Ragnhildi Hönnu. Það er stórt og rúmgott, með nægu vinnuplássi fyrir bakstur og matargerð, og umfram allt fallegri umgjörð sem umvefur stórfjölskylduna.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Framkvæmdir hófust í byrjun febrúar og nú er einungis vinna utanhúss eftir.

Í stórri stofunni er bjart, hátt til lofts og vítt til veggja.

Baðherbergið er einstaklega hlýlegt og glæsilegt.

Lettar kunna húsagerðarlist vel

Nýja húsið Ragnhildar og Rúnars er 191 fermetri að stærð.

„Húsbyggingin tók ótrúlega stuttan tíma. Framkvæmdir hófust 5. febrúar og í byrjun maí fluttum við inn í þrjú herbergi. Steyptur var húsgrunnur og menn frá Lettlandi komu til að reisa húsið og setja í það glugga, úti- og innihurðir. Vinnubrögðin voru fumlaus og vönduð og ljóst að Lettarnir kunna þetta upp á tíu, enda eru þeir nú að byggja þriðja Tivo-húsið í götunni okkar. Þetta eru glæsileg og sterkbyggð hús og mikill kostur að kaupendur geta teiknað húsið sitt sjálfir, útlit þess, innra skipulag og allt sem vill. Svo taka við arkitektar og verkfræðingar, sem Emerald hefur á sínum snærum, að fullvinna teikningar, reikna út burðarþol og fleira sem þarf," útskýrir Ragnhildur.

Unnið var út frá teikningu sem Emerald átti og var breytt að þörfum hjónanna.

„Við vorum líka með íslenskan byggingarstjóra sem sá um alla aðra iðnaðarmenn, rafvirkja, pípulagningamenn og múrara. Hann hjálpaði okkur mikið við húsbygginguna og benti á hvað við gætum gert sjálf í frágangi hússins, ef við vildum. Það er skemmtileg stemning og upplifun að gera þetta sjálfur, þótt ég sé ekki viss um að langa til að gera það aftur. Húsbyggingum fylgja ótal handtök sem maður gerir sér ekki grein fyrir í byrjun, og alls konar byggingarreglugerðir sem ekki má hvika frá í nýbyggingum."

> **Húsið og vinnan við að reisa það var hræbillegt. Ég vil helst ekki nefna töluna en hún er vel undir verði ódýrrar tveggja herbergja íbúðar í höfuðstaðnum.**

Ragnhildur Hanna Finnbogadóttir

Sterkbyggð og vel einangruð hús

Þessa dagana eru Ragnhildur og Rúnar að koma sér fyrir í draumahúsinu, sem er nánast fullbúið.

„Það er óneitanlega stór kostur að geta eignast nýtt hús og heimili á jafn skömmum tíma. Ég er ekki viss um að hlutirnir hefðu gerst svona hratt ef við hefðum farið hefðbundna leið og látið steypa nýtt einbýlishús," segir Ragnhildur, sæl í draumahúsinu sínu.

„Þetta eru sterkbyggð hús sem þola íslenska veðráttu, vel einangruð og byggð samkvæmt ströngum, íslenskum byggingarstöðlum. Ef slíkt væri ekki fyrir hendi fengist ekki leyfi til að byggja þessi hús hér á landi og byggingarstjórinn setti ekki nafn sitt né ábyrgð við það," segir Ragnhildur.

Lóðina keyptu þau í nýju hverfi á vegum sveitarfélagsins í Vogum.

„Við vorum heppin að fá eina af síðustu lóðunum í nýju hverfi, en hér eru nýjar lóðir mun ódýrari en á höfuðborgarsvæðinu. Við borguðum sex milljónir fyrir lóðina en sambærilegar lóðir í bænum kosta 20 milljónir," upplýsir Ragnhildur, en vegna vinsælda Voga hafa lóðir verið af skornum skammti. „Í undirbúningi er nýtt hverfi í skipulagi Voga en það er í eigu einkaaðila en ekki sveitarfélagsins og aðallega selt til verktaka, allt að 2.000 manna byggð."

Húsið frá Tivo og vinnan við að reisa það var hræbillegt, eins og Ragnhildur orðar það.

„Ég vil helst ekki nefna töluna en hún er vel undir verði ódýrrar tveggja herbergja íbúðar í höfuðstaðnum. Innfalið var hús með gluggum og hurðum, og vinna við uppsetningu þess. Því fylgdi fæði og húsnæði fyrir smiðina frá Lettlandi, og var alls ekki hár kostnaður þegar á heildina er litið."

Spennandi garðrækt fram undan

Þau hjónin eru ein í nýja kotinu, en einn sona þeirra er enn með annan fótinn heima.

„Það fer ákaflega vel um okkur og í raun er allt tilbúið fyrir utan smotterí sem við bíðum eftir frá Ikea í eldhúsinnréttinguna. Nú erum við í frágangi á lóðinni og svo tekur við að rækta upp garðinn. Við vorum með yndislegan garð við gamla húsið, en okkar helsta áhugamál er einmitt garðrækt og við erum spennt fyrir því," segir Ragnhildur, þar sem hún horfir dreymin út um eldhúsgluggann.

„Ég er ánægðust með eldhúsið, sem ég vildi hafa stórt með góðri vinnuaðstöðu og nægu plássi fyrir stórfjölskylduna. Alrýmið er líka dásamlegt og býður upp á skemmtilegar samverustundir með börnum og barnabörnum. Það er það sem við vildum. Þá er staðsetningin algjörlega frábær og við sjáum gosið út um eldhúsgluggann." ■

STEYPUSTÖÐIN
STERKARI EININGAHÚS
www.steypustodin.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Fasteignablaðið

38. TBL. 21. SEPTEMBER 2021

FASTEIGNIR.FRETTABLADID.IS

heimili
fasteignasala
á traustum grunni
Finnbogi Hilmarsson löggiltur fasteignasali.

Grensásvegur 3 • 2 hæð • 108 Reykjavík • Sími 530 6500 • heimili@heimili.is • heimili.is

FÉLAG FASTEIGNASALA

Reykjavík
Snæfellsbæ
Höfn Hornafirði

VALHÖLL FASTEIGNASALA STOFNUD 1995

588 4477
Síðumúla 27
www.valholl.is

Ingólfur Geir Gissurarson
Framkvæmdastjóri, lögg. fasteignasali, leigumiðlari
896 5222
ingolfur@valholl.is

Heiðar Friðjónsson
Sölustjóri, löggiltur fasteignasali B.Sc
693 3356
heidar@valholl.is

Hildur Harðardóttir
Lögfræðingur, löggiltur fasteignasali, skjalagerð.
897 1339
hildur@valholl.is

Snorri Snorrason
Löggiltur fasteignasali
895 2115
snorri@valholl.is

Hólmfríður Björgvinsdóttir
Skrifstofustjóri ritari@valholl.is
588 4477
holmfridur@valholl.is

Hrafnhildur B. Baldursdóttir
Löggiltur fasteignasali. BA í Stjórnmálafræði.
862 1110
hrafnhildur@valholl.is

Pétur SteinarJóhannsson
Aðstoðarm. fasteingasala Snæfellsnesi
893 4718
petur@valholl.is

Anna F. Gunnarsdóttir
Löggiltur fasteignasali Lista og innanhús stílisti
892 8778
anna@valholl.is

Sturla Pétursson
Löggiltur fasteignasali
899 9083
sturla@valholl.is

Elín Viðarsdóttir
Löggiltur fasteignasali
695 8905
elin@valholl.is

Framúrskarandi fyrirtæki

Fagleg þjónusta
Vönduð vinnubrögð

Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!

BERG FASTEIGNASALA

Háholt 14, Mosfellsbær
• Sími: 588 5530 • berg@berg.is
• www.berg.is • GSM 897 0047

Davíð Ólafsson
lögg. fasteignasali
david@berg.is
s. 766-6633

Pétur Pétursson
lögg. fasteignasali
petur@berg.is
s. 897-0047

Traust þjónusta - mikil sala

SKOÐUNARFERÐIR TIL SPÁNAR

Hafðu samband og kynntu þér ferli skoðunarferða hjá Masa International

EIGN FASTEIGNASALA



MASA INTERNATIONAL

Jónas H. Jónasson
jonas@masainternational.is
Sími: 555 0366
Gsm: 842 1520

www.masainternational.is

Húsið stendur á fallegum útsýnisstað í Garðabæ.

Glæsilegt einbýli með útsýni

Heimili fasteignasala, s. 530-6500, kynnir til sölu glæsilegt einbýli við Háholt í Garðabæ. Eignin sem hönnuð er af Knút Jeppesen, er skráð 378 fm að stærð, þar af neðri hæð 153,9 fm, efri hæð 185,4 fm og bílskúr 38,7 fm.

Á efri hæð er anddyri, hol/skáli, borðstofa, setustofa, arinstofa, eldhús, búr, baðherbergi og tvö svefnherbergi. Komið er inn í flísalagt anddyri þar sem er gestasnyrting. Frá anddyri er gengið inn í hol/skála eignar þar sem er parket á gólfi, innfelld lýsing og stigi niður á neðri hæð eignar. Frá holi er gengið niður eitt þrep og komið inn í arinstofu. Við hlið arinstofu er rúmgóð setustofa þar sem er parket á gólfi, aukin lofthæð og gluggar til vesturs þaðan sem njóta má einstaks útsýnis m.a. yfir Garðabæ, hluta Kópavogs, Arnarnes og Skerjafjörð.

Borðstofan er með parketi á gólfi, aukinni lofthæð og gluggum til vesturs. Opið er frá borðstofu inn í eldhús sem er einstaklega rúmgott og með fallegri innréttingu, góðri vinnuaðstöðu og stórum borðkróki. Á gólfi er parket og við hlið eldhúss er búr.

Svefnherbergi á efri hæð eru tvö og eru þau bæði með aukinni lofthæð, parketi á gólfi og innan annars þeirra er fataskápur. Annað svefnherbergi efri hæðar er í dag nýtt sem skrifstofa og frá því herbergi er hægt að ganga inn í setustofu eignar. Baðherbergi efri hæðar er flísalagt í hólf og gólf, er með fallegri innréttingu, baðkari, sér sturtuklefa og glugga með opnanlegu fagi.

Falleg arinstofa er í húsinu.

Eigninni fylgir afar fallegur garður í góðri rækt og einnig býður hún upp á möguleika að útbúa auka íbúð á neðri hæð.

Á neðri hæð er anddyri, stofa/arinstofa, þrjú svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús og geymslur. Möguleiki er á að útbúa auka íbúð á neðri hæð.

Gengið frá holi/skála á efri hæð niður fallegan stiga og komið inn í arinstofu þar sem eru flísar á gólfi og útgengi á timburverönd. Svefnherbergi neðri hæðar eru þrjú, þar af tvö með fataskápum, og öll með parketi á gólfum og góðum gluggum. Baðherbergi er flísalagt í hólf og gólf og er með fallegri innréttingu, baðkari og sér sturtuklefa. Þvottahús er rúmgott, með flísum á gólfi og ágætri innréttingu.

Sunnan við hús er hellulagt bílastæði og undir því er rúmgóð steypt geymsla sem í dag er nýtt undir garðáhöld. Eigninni fylgir rúmgóður bílskúr og afar fallegur garður í góðri rækt. ■

Frekari upplýsingar veitir Brynjólfur Snorrason, lg.fs., s. 896-2953, brynjolfur@heimili.is. Opið hús á morgun kl 17.15-17.45. Nauðsynlegt er að skrá skoðun hjá Brynjólfi.

Óskum eftir öllum stærðum og gerðum eigna á skrá.
Skoðum og metum samdægurs. Sanngjörn söluþóknun.

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.
Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík
Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is
Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali
Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali
Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

Framúrskarandi fyrirtæki 2014 2018

Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is

Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is

Elín D. Guðmundsdóttir
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is

Úlfar Freyr Jóhannsson
hdl og lögg. fasteignasali
ulfar@fastmark.is

Sigríður Kjartansdóttir
Lögg. fasteignasali
sigridur@fastmark.is

Gísli Rafn Guðfinnsson
Aðstoðarmaður fasteignasala
gisli@fastmark.is

Hallveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

Stuðlaskarð 1-7 – Nýjar íbúðir í Skarðshlíðinni í Hafnarfirði.

- Stuðlaskarð 1-7 eru fjögur tveggja hæða hús, hvert með fjórum íbúðum.
- Allar íbúðir eru með sérinngangi.
- Íbúðirnar eru fullbúnar og tilbúnar til afhendingar strax.
- Allar innréttingar eru frá Brúnás, eldhústæki eru frá AEG og blöndunartæki frá Tengi. Íbúðin skilast með flísum á gólfi á baði og þvottaherbergi.
- Hús nr. 9-15 koma í sölu innan mánaðar.

Byggingaraðili er Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf., www.bygg.is

Jakasel. Einbýlishús við opið svæði til suðurs.

- Virkilega glæsilegt, bjart og vel skipulagt 327,2 fm. einbýlishús á þremur hæðum með innbyggðum bílskúr. Möguleiki er á lítilli aukaíbúð í kjallara.
- Verulega aukin lofthæð er á efri hæð hússins eða allt að 4,5 metrar í mæni.
- Fjögur herbergi. Stórar samliggjandi stofur. Sjónvarpsstofa þar sem er gert ráð fyrir arni.
- Húsið hefur alla tíð fengið mjög gott viðhald. Opið svæði er til suðurs.
- 796,0 fm. að stærð með mjög stórri hellulagðri innkeyrslu. Stór og skjólsæl, nýleg viðarverönd til suðurs og vesturs með skjólveggjum.

Verð 128,9 millj.

Austurbrún 10.

Eignin verður til sýnis í dag, þriðjudag frá kl. 17.00 – 17.30

- Virkilega glæsilegt parhús (keðjuhús) á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr, samtals um 245,0 fermetra að stærð.
- Stofur með arni og aukinni lofthæð. Eldhús opið við hol og stofur. Hjónasvíta með baðherbergi og fataherbergi innaf með útgengi á þakgarð ofan á bílskúr. Sólskáli, upphitaður og opinn við stofur.
- Lóðin er 404,0 fermetrar að stærð og er að mestu lögð viðarveröndum sem afgirtar eru með skjólveggjum. Hellulögð innkeyrsla og stétt fyrir framan húsið með hitalögnum undir.
- Rólegur staður í grónu hverfi þaðan sem stutt er í skóla, leikskóla, gönguleiðir í Laugardalnum o.fl.

Verð 135,0 millj.

Skeifan 6 – Til leigu

- Til leigu nýstandsett um 220 fermetra skrifstofu-húsnæði auk um 300 fermetra lagerhúsnæðis þar sem innangengt er á milli á jarðhæð hússins nr. 6 við Skeifuna í Reykjavík en í húsinu eru einnig verslunin EPAL og Everest.
- Góðir gluggar eru til suðurs og austurs á skrifstofuhúsnæðinu og góðar innkeyrsludyr og aðkoma bakatil fyrir lagerhúsnæðið.
- Inngangur að framanverðu er sameiginlegur um stigahús sem nýtt er af tveimur öðrum fyrirtækjum í húsinu en einnig er hægt að hafa sérinngang bakatil.

Vindakór 3 -Kópavogi. 4ra herbergja íbúð.

Eignin verður til sýnis í dag, þriðjudag frá kl. 17.00 – 17.30

- Falleg 129,9 fermetra 4ra herbergja íbúð á 2. hæð að meðtalinni sér geymslu í lyftuhúsi við Vindakór í Kópavogi. Sérmerkt stæði í lokaðri bílageymslu fylgir eigninni.
- Eikarinnréttingar eru á baðh. og í eldhúsi og eikarskápar í forstofu og herbergjum. Tvennar svalir eru á íbúðinni til norðurs og suðurs.
- Eignin skiptist í forstofu, þvottaherbergi, hol, sjónvarpshol, 2 barnaherbergi, baðherbergi, hjónaherbergi, eldhús, borðstofu og rúmgóða stofu.
- Sameign er mjög snyrtileg. Góð þvottaaðstaða er fyrir bíla í bílageymslu.

Verð 69,9 millj.

Glæsileg íbúð í Listhúsinu við Engjateig.

- Óvenjulega glæsileg íbúð í Listhúsinu við Engjateig við Laugardalinn í Reykjavík.
- Um er að ræða 212,6 fermetra, 6 herbergja, endaíbúð á tveimur hæðum með gluggum í þrjár áttir, sérinngangi, mjög stórum þakgluggum og yfirbyggðum, opnanlegum suðursvölum.
- Íbúðir af þessu tagi eru mjög sjaldgæfar í Reykjavík, en íbúðin er í anda loft-íbúða í stórborgum erlendis.

Hið innra var eignin sérstaklega hönnuð og skipulögð af Steve Christer, arkitekt hjá Studio Granda, fyrir fáeinum árum síðan og í henni er mjög mikil lofthæð á báðum hæðum eða allt að 4,5 metrar.

Spítalastígur 10 – Heil húseign.

- Mikið endurnýjuð heil húseign með þremur íbúðum auk byggingarréttar að einni íbúð ofan á húsið á horni Spítalastígs og Óðinstorgs.
- Byggingarrétturinn sem fylgir eigninni er að einni hæð og risi ofan á húsið úr álíka efnum, útliti og frágangi og núverandi hús.
- Húsið er timburhús á hlöðnum kjallara, byggt árið 1910. Húsið var mikið endurnýjað fyrir 20 árum síðan, m.a. skipt um allt gler og glugga, bárustál að utan að hluta, allar lagnir o.fl.
- Eitt sér bílastæði á lóð fylgir eigninni. Óðinsgata, Óðinstorg og hluti Spítalastígs eru öll endurnýjuð með hitalögnum undir götum og gangstéttum.

Verð 121,9 millj.

Skipholt 29B. 3ja herbergja endaíbúð.

- Virkilega góð 121,3 fm. 3ja herbergja endaíbúð með gluggum í þrjár áttir á 3. hæð í nýlegu og vönduðu fjölbýlishúsi með lyftu.
- Íbúðin er eina íbúðin á hæðinni í þessum hluta byggingarinnar, þ.e. norður- álmu en tvær íbúðir eru í suðurálmu og er göngubrú þangað yfir.
- Vandaðar innréttingar í eldhúsi. Yfirbyggðar svalir til suðausturs. Tvö svefnherbergi.
- Sameiginlegur líkamsræktarsalur er á efstu hæð auk sameiginlegs þakgarðs með útsýni út á sundin, að Esjunni og yfir borgina.

Verð 73,9 millj.

Blómvallagata 13. 2ja herbergja íbúð.

- 49,8 fermetra 2ja herbergja íbúð á 3. hæð í góðu steinsteyptu fjölbýlishúsi á þessum eftirsótta stað í gamla vesturbænum í Reykjavík.
- Allir gluggar og gler voru endurnýjaðir 2020. Stigahús er mjög snyrtilegt líkt og sameign öll og gluggar og gler í sameign endurnýjuð.
- Rúmgóð stofa. Geymsla í risi.
- Lóðin er með tyrfðri flöt og hellulögðum stéttum, afgirt

Verð 39,9 millj.

MIKLABORG

Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson
hdl. og löggiltir fasteignasalar

Jón Rafn Valdimars
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520

Gunnar S. Jónsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 5856

Ólafur Finnbogason
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307

Atli S. Sigvarðsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 1178

Elín Alfreðsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 899 3090

Þórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000

Ómar Hvanndal
hdl. & aðst. fasteignas
Sími: 832 3200

Barbara R. Bergþórs
lögg. fasteignasali
Sími: 823 0339

Jason Kr. Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515

Íris Arna Geirsdóttir
aðst. fasteignasala
Sími: 770 0500

Þröstur Þórhallsson
lögg. fasteignasali
Sími: 897 0634

Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958

Þóroddur S. Skapta
lögg. fasteignasali
Sími: 868 4508

Svan G. Guðlaugsson
lögg. fasteignasali
Sími: 697 9300

Axel Axelsson
lögg. fasteignasali
Sími: 778 7272

Óskar H. Bjarnasen
lögg. fasteignasali
Sími: 691 1931

Kjartan Í. Guðmunds
lögg. fasteignasali
Sími: 663 4392

Þórhallur Biering
lögg. fasteignasali
Sími: 896 8232

Friðrik Þ. Stefáns
hdl. & aðst. fasteignas
Sími: 616 1313

Friðjón Ö. Magnúss.
lögg. fasteignasali
Sími: 692 2704

Óskar S. Axelsson
aðst. fasteignasala
Sími: 691 2312

Ingi Þór Ingólfsson
lögg. fasteignasali
Sími: 698 4450

Páll Þórólfsson
lögg. fasteignasali
Sími: 893 9929

Ragnheiður Péturs
hdl. og löggiltur fasteignasali

2015 2020
Framúrskarandi fyrirtæki

Haukanes 13
210 Garðabær

Glæsilegt 517 fm einbýlishús á tveimur hæðum á 1.222 fm eignarlóð með útsýni á Arnarnesinu

- 4 glæsilegar stofur
- 6 svefnherbergi
- 4 baðherbergi
- Sjón er sögu ríkari

Verð: **295 millj.**

PANTIÐ SKOÐUN
hjá Jasoni í síma **775 1515**

Nánari upplýsingar veitir:
Jason Kr. Ólafsson
lögg. fasteignasali
sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

PANTIÐ SKOÐUN
hjá Óskari í síma **691 2312**

Melbær 21
110 Reykjavík

Gott 311 fm endaraðhús á tveimur hæðum með mikla möguleika

- 4-6 svefnherbergi
- Garður til suðurs
- Bílskúr
- Aukaíbúð í kjallara

Nánari upplýsingar veitir:
Óskar S. Axelsson
aðst. fasteignasala
Sími: 691 2312
osa@miklaborg.is
Jón Rafn Valdimarsson lögg. fasteignasali

Verð: **119 millj.**

PANTIÐ SKOÐUN
í síma **775 1515** eða **770 0500**

Hverafold 84
112 Reykjavík

Glæsilegt 183 fm einbýli á einni hæð í Grafarvoginum

- 3 svefnherbergi, möguleik á því fjórða
- Rúmgóð stofa, borðstofa og arinstofa
- Eldhúsið með borðkrók og innaf eldhúsi er þvottahús / geymsla.
- Fallegur garður
- Rúmgóður bílskúr

Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

Íris Arna Geirsdóttir
aðst. fasteignasala
Sími: 770 0500
iris@miklaborg.is

Verð: **105 millj.**

Fasteignasalan

Miklaborg

Lágmúla 4

108 Reykjavík

sími

5697000

www.miklaborg.is

Með þér alla leið

Hverfisgata 92

101 Reykjavík

Glæsilegar nýjar 2ja til 4ra herbergja íbúðir í miðborginni





- **Gólfhiti** í öllum íbúðum
- Mikil sameign og **margar íbúðir sérstæðar** og liggja ekki að öðrum íbúðum
- **Snjallíbúðir**
- Fallegur **inngarður**
- **Vandaðar** innréttingar og tæki
- Flestir **gluggar gólfsíðir**
- **Stæði í bílageymslu** fylgir flestum íbúðum.
- Íbúðirnar **skilast fullbúanar** með gólfefnum.

Hús	Eign	Herb	Stærð	Verð	Geymsla
C	0205	3	106,6 m²	**79,9 m. kr**	10,3 m²
C	0206	3	107,7 m²	**81,9 m. kr**	9,2 m²
B	0304	3	103,5 m²	**79,9 m. kr**	8,7 m²
B	0305	4	121,2 m²	**89,9 m. kr**	8,7 m²
C	0307	3	107,7 m²	**84,9 m. kr**	9,2 m²
B	0403	3	103,5 m²	**83,9 m. kr**	8,7 m²
C	0405	3	105,6 m²	**89,9 m. kr**	9,3 m²
C	0406	3	109,1 m²	**88,9 m. kr**	10,6 m²
A	0501	2	99,7 m²	**93,9 m. kr**	7,7 m²
B	0503	4	146,4 m²	**165 m. kr**	8,0 m²

Hafið samband og ráðfærið ykkur **við sölumenn okkar!** | **Söluvefur:** www.vitaborg.is/hverfisgata-92/

Nánari upplýsingar veitir:

Ólafur Finnbogason
lögg. fasteignasali
sími: 822 2307
olafur@miklaborg.is

Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

Friðrik Þ. Stefánsson
hdl. og aðst. fasteignas.
Sími: 616 1313
fridrik@miklaborg.is

Elín Alfreðsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 899 3090
elin@miklaborg.is

Barbara R. Bergþórs
lögg. fasteignasali
Sími: 823 0339
barbara@miklaborg.is

Miklir möguleikar

tengdir ferðaþjónustu

PANTIÐ SKOÐUN
hjá Jóni Rafni í síma **695 5520**

Tunga

801 Gaulverjabær

Jörð á besta stað þar sem víðáttan er mikil, útsýnið einstakt

- Óviðjafnanlegur fjallahringur og einstök fjara
- Sjóbirtingsá á jörðinni
- Ýmsir möguleika s.s. búseta en ræktuðu túnin hafa verið nýtt af nágrannabændum
- Eingöngu um 70 km frá Reykjavík
- Möguleikar tengdir ferðaþjónustu



Verð: **160 millj.**



Nánari upplýsingar veitir:

Jón Rafn Valdimarsson
lögg. fasteignasali
sími: 695 5520
jon@miklaborg.is

Einstakt tækifæri

til uppbyggingar í ferðamennsku á besta stað á Gullna hringnum

PANTIÐ SKOÐUN
hjá Friðrik í síma **616 1313**

Neðri-Dalur og Stallar

806 Biskupstungum

Jörðin Neðri-Dalur ásamt lögbýlinu Stöllum í Biskupstungum

- Næsta jörð (vestan) við GEYSI í Haukadal
- 2 km frá Geysi og stutt í Gullfoss
- Frábær staðsetning í alfaraleið
- Stærð um 1200 Ha., þ.a. um 400 Ha á láglendi
- Einbýlishús, hlaða og gróðurhús

Miklir möguleikar á ferðatengdri uppbyggingu og heilsutengdri ferðaþjónustu:

- Hóteluppbygging eða smáhýsi
- Miðstöð útgerðar hálendis-og jöklaferða
- Heitt vatn og góð kaldavatnslind
- Hentar vel fyrir spa og laugar
- Fjallaferðir, gönguleiðir og reiðleiðir
- Lífræn ræktun á grænmeti



Verð: **Tilboð**

Nánari upplýsingar veitir:

Friðrik Þ. Stefánsson
hdl. og aðst. fasteignas.
Sími: 616 1313
fridrik@miklaborg.is
Jón Rafn Valdimarsson,
lögg. fasteignasali

NÝTT Í SÖLU

OPIÐ HÚS miðvikudaginn 22. september kl. 17.00 - 17.30

Melhagi 12

107 Reykjavík

Góð 2ja herbergja 59,4 fm kjallaraíbúð í Vesturbæ

- Rúmgott svefnherbergi, góð stofa
- Eldhús með ágætri innréttingu
- Fallegur sameiginlegur garður
- Sameiginlegt þvottahús á sömu hæð

Verð: **41,5 millj.**

Jón Rafn Valdimars
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520
jon@miklaborg.is

Mánatún 15

105 Reykjavík - íbúð 610

Glæsileg 127,3 fm íbúð á 6. hæð

- 3 herbergja
- Tvö svefnherbergi
- Svalalokun á vestursvölum sem eru rúmgóðar með útsýni til sjávar og víðar
- Stæði í bílageymslu

Verð: **89,5 millj.**

Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

Íris Arna Geirsdóttir
aðst. fasteignasala
Sími: 770 0500
iris@miklaborg.is

Efstaleiti 27

103 Reykjavík

Falleg 3ja herbergja íbúð á 3ju hæð í lyftuhúsi.

- Íbúðin er 72,7 fm með stórum svölum 19 fm í suðurátt.
- Íbúðin er vel skipulögð og fylgir bílastæði í kjallara ásamt sérgeymslu í sameign.
- Vandað og nýlegt hús á rótgrónu miðborgarsvæði við Efstaleiti.
- Eignin er laus strax við kaupsamning.

Verð: **71,5 millj.**

Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

Íris Arna Geirsdóttir
aðst. fasteignasala
Sími: 770 0500
iris@miklaborg.is

Dimmuhvarf 27

200 Kópavogur

Glæsilegt einbýli, 4 íbúðir ásamt bílskúr og hesthúsi

- Gott hesthús með gerði og 2 Íbúðum
- Mikil lofthæð og gólf síðir gluggar
- Allar íbúðirnar með sér-inngangi og glæsilega innréttaðar
- Frábær staðsetning

Verð: **188 millj.**

Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

Bjarkarás 4

805 Grímsnes

Glæsilegt heilsárshús með gestahúsi alls 129 fm

- Þrjú svefnherbergi í aðalhúsi ásamt svefnlofti
- Mikið gistirými sem auðveldlega getur hýst 12-15 manns
- 7200 fm eignarland, annað jafnstórt land við hliðina fylgir
- Stór pallur með heitum potti
- Viðsýnt útsýni

Verð: **54,8 millj.**

Jón Rafn Valdimars
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520
jon@miklaborg.is

OPIÐ HÚS í dag þriðjudag 21. september kl. 17.30 - 18.00

Ferjuvað 13-15

110 Reykjavík - íbúð 302

Glæsileg 2ja herbergja 89 fm íbúð á efstu hæð

- Aukin lofthæð í íbúð
- Opið eldhús, björt stofa með útgengt á svalir
- Sér þvotthús innan íbúðar
- Lyfthús. Vinsælt hverfi
- Skólar er í göngufæri
- Laus við kaupsamning

Verð: **49,9 millj.**

Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

OPIÐ HÚS í dag þriðjudag 21. september kl. 17.00 - 17.30

Bræðraborgarst. 38

101 Reykjavík

Heilt 350 fm fjölbýlishús með fjórum íbúðum

- Tvöfaldur bílskúr
- Miklir möguleikar m útleigu
- Tvö fastanúmer.
- Tvær 5 herbergja hæðir
- Tvær 2 herbergja íbúðir
- Frábær staðsetning
- Vel viðhaldið og gott hús

Verð: **Tilboð**

Jón Rafn Valdimars
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520
jon@miklaborg.is

NÝTT Í SÖLU

OPIÐ HÚS í dag þriðjudag 21. september kl. 17.00 - 17.45

Njálsgata 16

101 Reykjavík

Virkilega falleg 50,9 fm, 2ja-3ja herbergja efri sérhæð með sérinngangi

- Björt eign með aukinni loft-hæð og glugga á fjóra vegu
- Miklar endurbætur hafa farið fram á húsinu
- Fallegur sameiginlegur garður

Verð: **42,9 millj.**

Óskar H. Bjarnasen
lögg. fasteignasali
sími: 6911931
ohb@miklaborg.is

AFHENDING STRAX

OPIÐ HÚS miðvikudaginn 22. sept. milli kl. 17.00 - 17.30

Hafnarbraut 11

200 Kópavogur



Spennandi og nýuppgerðar 3ja herbergja íbúðir í lyftuhúsi

- **Íbúð 307** er **3ja** herbergja **101,7 fm** íbúð á tveimur efstu hæðunum.
- Íbúðunum skilað með parketi á gólfum.
- Með hverri íbúð fylgir innbyggður ísskápur og uppþvottavél.
- Til afhendingar í nóvember.

Verð: **55,9 millj.**

- **Íbúð 308** er **3ja** herbergja **87,4 fm** íbúð á tveimur efstu hæðunum.
- Íbúðunum skilað með parketi á gólfum.
- Með hverri íbúð fylgir innbyggður ísskápur og uppþvottavél.
- Til afhendingar strax.

Verð: **51,9 millj.**

Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

Svan G. Guðlaugsson
lögg. fasteignasali
Sími: 697 9300
svan@miklaborg.is

Vegna mikillar sölu **vantar allar gerðir fasteigna** til sölu, **hafið samband við sölumenn okkar** bókið skoðun og **fáið frítt verðmat.**

569 7000 | Lágmúla 4 | miklaborg.is

Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

Við höfum kaupendur að:

Sérhæð í Vesturbænum, 3ja til 4ra herbergja
Íbúð eða hæð í Kópavogi, sem næst Kársnesi
Íbúð eða hæð í hlíðunum, 2ja til 3ja herbergja
Rað eða parhús á stór-Reykjavíkursvæðinu

Höfum leigjanda að:

150 til 200 fm bili með 5 metra loft hæð

EIGN FASTEIGNASALA
Andres Pétur Rúnarsson
Löggiltur fasteignasali
KT: 180271-4659

Jónas H. Jónasson sími 842-1520
Löggiltur eignaskiptayfirlýsandi
og aðstoðarmaður fasteignasala
jonas@eignfasteignasala.is

Þórðarsveigur 30

113 Reykjavík

Falleg 111 m² 4ra herbergja endaíbúð á 2. hæð

- Lyfta er í húsinu
- Stórar yfirbyggðar suð-vestur svalir
- Stæði í bílakjallara fylgir íbúðinni
- Stutt í skóla og þjónustu

Verð: **63,7 millj.**

Nánari upplýsingar:
Þröstur Þórhallsson
lögg. fasteignasali
sími: 897 0634
throstur@miklaborg.is

MIKLABORG
569 7000 | Lágmúla 4 | miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

Tangabryggja 18

110 Reykjavík

Falleg 115 m² 4ra herbergja íbúð á 2. hæð

- Lyfta -Nýlegt hús
- 3 svefnherbergi
- Stæði í bílakjallara
- Mikið útsýni







Verð: **68,3 millj.**

Nánari upplýsingar:
Þröstur Þórhallsson
lögg. fasteignasali
sími: 897 0634
throstur@miklaborg.is

MIKLABORG
569 7000 | Lágmúla 4 | miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

HH RÁÐGJÖF

LEITAR ÞÚ AÐ STARFSMANNI?

HH Ráðgjöf hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og að rétti einstaklingurinn finnist fyrir þá aðila sem nýta sér þjónustu okkar vegna ráðninga starfsfólks í allar tegundir starfa.

ATVINNUVEFUR /RÁÐNINGARKERFI *50% kynningarafsláttur*

Nýjasta þjónustuleiðin hjá okkur er **glænýr atvinnuvefur þar sem fyrirtæki geta nýtt sér ráðningarkerfi okkar og sett sjálf inn auglýsingar og unnið úr umsóknum í kerfinu eða beint umsóknum á eigin síðu.**

» Ódýrt

- Sanngjarnt lágt verð
- Einföld verðskrá

» Skilvirkt

- Flokkunarkerfi
- Aðstoð við textagerð
- Svarpóstar
- Viðbótarþjónustur
- Fjöldi umsækjenda á skrá

» Auðvelt í notkun

- Þú setur inn atvinnuauglýsingu í ráðningarkerfi
- Móttekur umsóknir í ráðningarkerfi
- Flokkar og vinnur úr umsóknum í ráðningarkerfi
- Svarar umsækjendum í ráðningarkerfi
- Ráðgjafar HH Ráðgjafar alltaf tiltaks ef á þarf að halda

Atvinnuauglýsingin þín nær til allt að 35.000 einstaklinga sem eru skráðir hjá HH Ráðgjöf í atvinnuleit.

RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

Í ráðningarþjónustunni veitum við heildaraðstoð við ráðningarferlið. Sérfræðingar okkar sjá um alla úrvinnslu.

» Vinnusparnaður

Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna

» Fjöldi hæfra umsækjenda

Fjöldi umsækjenda á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið

» Reynsla og þekking

Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði mannauðsmála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun

Kynningarafsláttur gildir til 1. október 2021

HH RÁÐGJÖF
www.hhr.is - sími: 561 5900 - hhr@hhr.is

DOMUSNOVA Fasteignasala

Hlíðasmára 4 • 200 Kópavogur
domusnova@domusnova.is • S 527 1717

AUÐBREKKA 21 - KÓP.

TIL LEIGU
340 fm. - 590.000 kr á mán - Næg bílastæði

NORÐURBRÚN 2 - RVK.

TIL SÖLU
Verslunarhúsnæði - Nýtt húsnæði - 128 fm.

BREIÐHELLA 6 - HFJ.

TIL LEIGU
2400 fm - Nýtt húsnæði
Hægt að leigja allt eða hluta af því - 11 metra lofthæð

Allar upplýsingar veitir : Agnar Agnarsson lgf - Sími 820 1002 - agnar@domusnova.is

FJÁRFESTING FASTEIGNASALA EHF

Sími 562 4250
Óskar Þór Hilmarsson
Löggiltur fasteignasali

Borgartún 31 - 105 Reykjavík - www.fjarfesting.is - fjarfesting@fjarfesting.is

Hilmar Óskarsson
Framkvæmdarstjóri
Gsm: 896-8750

Óskar Þór Hilmarsson
Löggiltur fasteignasali
Gsm: 822-8750

Guðjón Sigurjónsson
Löggiltur fasteignasali
Gsm: 846-1511

Pálmi Almarsson
Löggiltur fasteignasali
Gsm: 896-3344

Smári Jónsson
Löggiltur fasteignasali
Gsm: 864-1362

Edda Svavarsdóttir
Löggiltur fasteignasali
Gsm: 845-0425

Hildur Edda Gunnarsdóttir
Löggiltur fasteignasali
Gsm: 661-0804

Guðmundur H. Valtýsson
Löggiltur fasteignasali
Gsm: 865-3022

Þorlákur S. Sigurjónsson
Löggiltur fasteignasali
GSM: 699-4675

STUÐLASKARÐ

NÝBYGGING

Stórglæsilegar íbúðir með sérinngangi við Stuðlaskarð 1-7 í Hafnarfirði.

Nýjar og stórglæsilegar íbúðir við Stuðlaskarð í Hafnarfirði.

3ja til 4ra herb. Verð frá 59,5 millj. Vel skipulagðar íbúðir með sérinngangi. Timburverönd með íbúðum á jarðhæð. Aukin lofthæð í íbúðum á 2. hæð. Fallegar vandaðar íslenskar innréttingar. Glæsileg hönnun. Fallegar íbúðir byggðar af vönduðum og traustum byggingaraðila BYGG.

Byggingaraðili er Byggingarfélag Gylfa og Gunnars.

Teikningar og nánari upplýsingar hjá sölumönnum Fjárfestingar, Borgartúni 31 og www.fjarfesting.is

ÁLMAKÓR 8

- 203 Kóp.
- Einbýlishús. 352,8 fm.
- Tvær hæðir.
- Sérlega vandað og vel skipulagt.
- Möguleiki á 5 svefnherb.
- Vel staðsett.
- Fallegt útsýni.

Verð 220 millj.

HRAUNBÆR 116

- 110 Rvk.
- 123,9 fm.
- 5 herb.
- Góð staðsetning.
- Stutt í skóla og þjónustu.

Verð 51,9, millj
Opið hús í dag þriðjudag frá kl. 16:30 til 17:00

DIGRANESVEGUR 44

Opið hús í dag miðvikudag dag frá kl. 16:30 til 17:00

- 200 Kóp.
- 5. herb.
- 121,6 fm.
- Sérinngangur.
- Pallur.
- Góð staðsetning.

Verð 64,9 millj

DALSEL 15

- 109 Rvk
- 4ra herb.
- 106,9 fm.
- Útsýni.
- Stæði í bílageymslu.
- Laus við kaupsamning.

Verð 49,9 millj
Opið hús í dag þriðjudag frá kl. 16:30 til 17:00

ÞORFINNSGATA 6

- 101 Rvk.
- 108,5
- 3ja.herb.
- Góð staðsetning.
- Laus við kaupsamning.

Verð 59.5millj.
Opið hús fimmtudag frá kl. 17:00 til 17:30

BRENNISKARÐ 1

- 220 Hfn.
- 4ra. herb.
- 102 fm.
- Falleg íbúð.
- Verönd.
- Stutt í skóla og þjónustu.

Verð 59.9 millj.

ÓSKUM EFTIR ÖLLUM GERÐUM EIGNA TIL SÖLU. MIKIL SALA.

RÁÐGJÖF
RÁÐNINGAR
RANNSÓKNIR

RÍKISKAUP
AÐILI AÐ RAMMASAMNINGI

intellecta

Síðumúla 5 • 108 Reykjavík • 511 1225 • intellecta.is

Faxaflóahafnir sf
Associated Icelandic Ports

Reykjavík
Grundartangi
Akranes
Borganes

Útboð

Faxaflóahafnir sf. óska eftir tilboðum í verkið:

Fiskislóð - hjólastígur

Helstu magntölur eru:

- Gröftur	1.800 m^3
- Grúsarfylling	1.200 m^3
- Malbikun	1.600 m^2
- Þökulögn	1.300 m^2
- Uppsetning ljósastólpa	24 stk.

Verklok eru 15. desember 2021.

Útboðsgögn verða aðgengileg á rafrænu formi frá og með þriðjudeginum 21. september 2021 kl. 12:00 á útboðsvef Faxaflóahafna:
https://faxafloahafnir.ajoursystem.is/

Tilboðum skal skilað á útboðsvefinn fyrir **kl. 12:00 miðvikudaginn 6. október 2021**. Ekki verður haldinn opnunarfundur og niðurstöður opnunar verða birtar á útboðsvefnum.

MANNVIT

Erum við
að leita
að þér?

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Fyrirtæki ársins 2021

hagvangur.is

HAGVANGUR

Halldór Þ. W. Kristinsson, söluráðgjafi tæknivara hjá BYKO, segir að stálgrindarhúsin séu hönnuð á Íslandi og gerð fyrir íslenskar aðstæður hvar á landinu sem þau eru staðsett.
FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Stálgrindarskemmur fyrir íslenskt veðurfar

Hjá BYKO er nú mögulegt að kaupa staðlaðar stálgrindarskemmur sem framleiddar eru fyrir íslenskt veðurfar. Skemmurnar fást í fjórum stærðum og hægt er að gera smávægilegar breytingar á þeim eftir því sem viðskiptavinurinn óskar.

Þegar eru nokkrar staðlaðar BYKO skemmur komnar til landsins og eru nú í byggingarferli. „Staðlaðar stálskemmur stytta byggingartímann verulega þar sem hönnun húsanna er fullkláruð þegar gengið er frá kaupum," segir Halldór Þ. W. Kristinsson, söluráðgjafi tæknivara hjá BYKO.

Skemmurnar eru hannaðar af íslenskum verkfræðistofum, Eflu og Faglausn, og taka mið af ýtrustu kröfum byggingarreglugerðar. „Í gegnum árin höfum við selt ýmsar gerðir og stærðir af stálgrindarhúsum en fundum út að mikill áhugi var á litlum og meðalstórum vélaskemmum á viðráðanlegu verði. Svo við ákváðum að slá til og láta hanna fyrir okkur staðlaðar skemmur í fjórum stærðum. Viðskiptavinurinn sparar bæði tíma og fjármuni við kaupin því hönnun húsanna er þegar til staðar. Viðbrögðin hafa verið vonum framar," segir Halldór.

„Stálskemmurnar eru hannaðar sem vélaskemmur eða geymsluskemmur og uppfylla allar kröfur byggingarreglugerðar um slík hús. Mögulegt er að gera smávægilegar breytingar á skemmunum, til dæmis að fjölga hurðum og gluggum eða nota þykkari einangrun, svo eitthvað sé nefnt. Mögulegt er að bæta við rennum ef þess er óskað. Gríðarlegur áhugi er á þessum stálskemmum, enda bæði einfaldara og hagstæðara að byggja staðlaðar byggingar fremur en sérhannaðar," greinir Halldór frá og bætir við: „Stálgrindurnar eru heitgalvaniseraðar og eru sérsmíðaðar fyrir íslenskar aðstæður. Húsin standast mestu snjó- og vindálagskröfur sem gerðar eru í byggð á Íslandi og henta því sem geymslu- og vélaskemmur í öllum landshlutum. Húsin eru í fjórum stærðum; 80 m², 150 m², 250 m² og 350 m². Þau eru klædd 60 mm PIR-yleiningum á veggi og 80/125 mm yleiningum á þök."

Mögulegt er að velja liti á klæðningarnar að utan sem innan. Húsunum fylgja svo allar áfellur svo hægt er að ganga frá húsunum án þess að þurfa að sérsmíða þær hér heima.

Yleiningarnar festast á galvaniseraða z-prófíla. Húsunum fylgja allar nauðsynlegar teikningar til að fá byggingarleyfi ásamt teikningum af grunni og vinnuteikningum, einni keyrsluhurð, einum glugga og tveimur gönguhurðum. Reyklosunargluggar eru á þaki sem hleypir inn birtu.



Húsin eru í fjórum stærðum; 80 m², 150 m², 250 m² og 350 m². Húsið á myndinni er 150 fermetrar.



Þetta er 250 fermetra hús.

Þetta er stærst, 350 fermetrar.

Svona líta húsin út fullgerð. Mögulegt er að gera smávægilegar breytingar á skemmunum, til dæmis að fjölga hurðum og gluggum.

»Skemmurnar eru hannaðar af íslenskum verkfræðistofum, Eflu og Faglausn, og taka mið af ýtrustu kröfum byggingarreglugerðar.

Nánari upplýsingar um þessar nýju stálgrindarskemmur má fá með því að senda fyrirspurn á netfangið bondi@byko.is. „Við sendum þá um hæl kynningarteikningar og svokallað samanburðarblað sem viðskiptavinurinn getur notað til þess að bera saman verð við aðra söluaðila," segir Halldór. ■

Undirbúningurinn skiptir öllu máli

Það krefst mikils undirbúnings að flytja einingahús milli landshluta. Nota þarf sérbúna bíla og eiga í samskiptum við ýmsa opinbera aðila.

starri@frettabladid.is

Öflugur krani sér um að hífa einingahúsin á grunninn. Allt ferlið tekur ótrúlega skamman tíma. MYND/AÐSEND

Það þarf að huga að ýmsu þegar einingahús eru flutt á milli landshluta. Tilbúin einingahús koma gjarnan með skipum til landsins og þau þarf ekki bara að flytja á sérútbúnum bílum heldur þarf að afla ýmissa leyfa og eiga gott samstarf við yfirvöld, þar á með lögregluna og Samgöngustofu, segir Daníel Sigurðarson, framkvæmdastjóri DS Lausna, sem hefur flutt einingahús hér á landi um margra ára skeið. „Þótt flutningurinn sjálfur sé alltaf krefjandi verkefni má segja að mesta vinnan liggi í undirbúningnum. Meðal leyfa sem þarf að útvega eru byggingarleyfi og flutningsleyfi, það þarf að eiga samskipti við lögregluna og Samgöngustofu upp á flutninginn sjálfan en lögreglan fylgir bílnum okkar eftir á áfangastað. Og svo eigum við auðvitað í samstarfi við kaupendur sjálfa.“

Reddingar hér og þar

Hefðbundið ferli fer þannig fram að einingahúsið er híft með krana af skipi á bílinn en fyrirtækið notar sérbúna vagna sem henta vel á þröngum sveitavegum og troðningum. „Að kvöldi dags mætir svo lögreglan og fylgir okkur úr bænum að áfangastað en yfirleitt leggjum við af stað úr borginni eftir klukkan 21 eða 22. Morguninn eftir eru húsin yfirleitt hífð á sökkla með sérstökum krana sem getur lyft jafnþungum einingum og húsin eru.“

Yfirleitt er verið að flytja einbýli og sumarhús en Daníel segir starfsmenn flytja allar gerðir af húsum. „Við höfum flutt allt að 200 fermetra einbýlishús þannig að þetta geta verið ansi stórar og þungar einingar. Stærri einingum fylgir að iðulega þarf að taka niður eitt og eitt skilti og standa í ýmsum smáreddingum hér og þar. Það hefur alveg komið fyrir að bílstjórar rekist á ljósastaur en heilt yfir gengur flutningurinn yfirleitt áfallalaust fyrir sig.“

Sjálfur segist Daníel einblína mest á undirbúningsvinnuna þótt hann gangi í flest verk innan fyrirtækisins. „Ég er ekki mikið að keyra sjálfur þótt það komi alveg fyrir en oftast læt ég mér flinkari menn ganga frekar í þau verk.“

Stuttur verktími

Hann segir það oft vera óvenjulega en um leið skemmtilega tilfinningu að sjá húsin komin á sinn stað á svo skömmum tíma. „Ferlið gengur yfirleitt svo hratt fyrir sig. Við hífum húsin oftast á grunninn um morguninn þannig að um kvöldið stendur húsið tilbúið að utan, oft meira að segja með sólpalli. Auðvitað er eftir að klára þau að innan en mörg þessara húsa koma líka með tilbúnum innréttingum og innanstokksmunum. Ég segi stundum í gríni að ég hafi náð að byggja eitt hús í dag, svo fljótt gengur vinnan fyrir sig. Verktíminn er því aðalatriðið ef við berum einingahúsin saman við hefðbundin hús sem eru smíðuð spýtu fyrir spýtu. Margir kjósa líka forsteypta sökkla undir húsin. Þá náum við yfirleitt að setja sökkulinn niður, flytja húsið á staðinn og setja upp daginn eftir á um 40 klukkutímum Þetta er allt annað líf en að vera með smiði í vinnu í langan tíma.“

Hér eru starfsmenn DS Lausna að flytja einingahús í fallegt sumarbústaðarland. MYND/AÐSEND

Daníel Sigurðarson.

Sniðug og hagkvæm lausn

Hann segir alls konar fólk velja einingahús fram yfir aðra kosti. „Fyrst og fremst er þetta fólk sem kýs skjótan byggingartíma. Kostnaðarlega eru einingahús líka oft hagkvæmari, sérstaklega sumarhúsin. Einingahúsum fylgir ekki þessi óvissa með breytilega þáttinn og því minni áhætta þegar kaupendur gera áætlanir sínar.“

Daníel spáir því að fleiri Íslendingar eigi eftir að velja slíkar lausnir í framtíðinni. „Auðvitað hangir þetta allt á kostnaðarhliðinni en persónulega er ég í engum vafa um að einingahúsin séu mjög sniðug og hagkvæm lausn. Þau eru framleidd við kjöraðstæður inni í verksmiðju þar sem er minni hætta á göllum, ýmissi yfirsjón og jafnvel lekum. Í landi eins og Íslandi, þar sem þú veist aldrei hvort þú sért að fá tvo góða daga eða tuttugu góða daga í röð yfir byggingartímann, þá eru einingahúsin pottþétt snjöll lausn.“ ■

Persónulegur stíll gerir hús að heimili

Eitt af hlutverkum arkitekta og innanhússarkitekta er að þarfagreina og aðstoða viðskiptavini við að byggja upp draumaheimili sín.

sjofn@frettabladid.is

Berglind Berndsen, innanhússarkitekt FHI, er þekkt fyrir hönnun sína og vandvirkni en markmið hennar er ætíð að skapa fallega umgjörð og örva upplifun fólks af hönnun rýmisins og innviðum þess. Sjálf hefur hún sinn persónulega stíl á sínu heimili og á sér fyrirmyndir.

Berglind er sjálfstætt starfandi með sitt eigið fyrirtæki á Fiskislóð. Hún lauk mastersgráðu í innanhússarkitektúr frá Fachochschule Trier í Þýskalandi árið 2007 og M.Art.Ed.-gráðu frá Listaháskóla Íslands árið 2012. Hún er gift, mjög aktíf í útivist og hreyfingu, tveggja barna móðir og býr á Seltjarnarnesi þar sem hún unir sér vel með fjölskyldu sinni.

Hvað heillar þig mest við starfið?

„Fjölbreytileiki verkefna og allt það fólk sem ég kynnist í kringum verkefnin. Það er líka mjög gefandi og skemmtilegt að hverju verkefni fylgja nýjar áskoranir, nýir kúnnar og nýir iðnaðarmenn. Einnig nýt ég þess að vera minn eigin herra,“ segir Berglind.

Getur lýst hefðbundnum vinnudegi hjá þér?

„Ég byrja að vinna klukkan átta alla daga vikunnar og vinn til fimm. Ég borða næringargóðan hafragraut alla morgna áður en ég fer til vinnu og fæ mér gott kaffi um leið og ég sest við tölvuna þar sem að ég gef mér um hálftíma til að lesa ólesna pósta og bæta við í „To do“- lista dagsins. Oftast er ég búin að skipuleggja daginn fyrir fram svo hægt sé að dúndra sér strax í verkefnavinnu. Ég næ yfirleitt mesta flæðinu snemma á morgnana og til hádegis. Ég skipulegg mig því vel fyrir fram svo ég nái sem mestu út úr deginum. Ég skipulegg fundi á vissum dögum vikunnar svo ég sé ekki fram og til baka allan daginn, annars yrði lítið úr vinnu. Svo tek ég mér oftast 30 mínútna hádegishlé en stundum gerum við krakkarnir á stofunni vel við okkur og förum út í hádeginu. Ég reyni líka alltaf að taka æfingu fyrir eða strax eftir vinnu.“

Er eitt verkefni sem þú hefur tekið þátt í í meira uppáhaldi en annað?

„Öll verkefni sem ég tek að mér eru mér jafn mikilvæg, hvort sem þau eru lítil eða stór. Það eru þó alltaf einhver verkefni sem standa mér mjög nærri og þá helst fyrir fyrir það trausta og góða samband sem ég á við kúnnana mína og alla þá sem að verkinu koma. Kúnnarnir hafa þá í flestum tilfellum lagt allt sitt traust á mínar hendur og þau verkefni verða óneitanlega einstök og algjör draumaverkefni út af fyrir sig. Ég hef ávallt verið þakklát fyrir þá góðu viðskiptavini sem ég hef átt í gegnum árin. En ef ég ætti að nefna eitthvað eitt af verkum sem standa upp úr er það Skuggahótel sem ég hannaði ásamt Helgu Sig innanhúsarkitekt. Þar fengum við að ákveða allt konsept hótelsins með eigendum. Það er ekki á hverjum degi sem maður fær að hanna heilt hótel.“

Hvað er það sem þér finnst gera heimili að heimili?

„Persónulegur og sjálfstæður stíll. Hlutir fólks sem segja einhverja sögu.“

Geturðu lýst þínum stíl?

„Ég er með einfaldan og hráan stíl í grunninn, frekar skandinavískan. Svo hefur heimilið einhvern veginn þróast í að verða hlýlegra og mýkra með árunum.“

Áttu þér fyrirmynd í arkitektúr-heiminum?

„Högna hefur alltaf verið mín fyrirmynd. En það eru margir erlendir arkitektar og hönnuðir sem ég horfi til í minni hönnun, til að mynda Tamizo-arkitektar, Joseph Dirand, Space og fleiri ungir hönnuðir. Rut og Einrúm arkitektar hafa einnig alltaf verið mínar fyrirmyndir og hef ég lært mikið af þeim í gegnum árin og sérstaklega þegar ég var að taka mín fyrstu skref sem hönnuður.“

Uppáhaldsárstíðin þín og hvers vegna?

„Það er eitthvað við haustið sem heillar mig mest. Litabreytingar í náttúrunni, kyrrðin áður en haustlægðir skella á, lyktin í loftinu. Þetta er tími árs sem ég huga að heimilinu, kveiki á kertum þegar byrjar að rökkva, kaupi falleg, afskorin blóm, elda góðan kvöldmat og kaupi erikur í garðinn. Ég er dugleg að hreyfa mig í náttúrunni og finnst haustið svo frábært til útiveru, hvort sem það er að hlaupa eða hjóla.“

Uppáhalds litirnir þínir?

„Grænn og blár.“

Hvar líður þér best?

„Ein úti í náttúrunni að hlaupa og heima hjá mér með fólkinu mínu. Ég er mjög heimakær.“

Svalasti veitingastaðurinn á Íslandi í dag?

„Ég fór mikið á Héðin í sumar og finnst hann geggjaður, eitthvað nýtt og spennandi í veitingastaðaflóruna. Svo er Rok alltaf einn af mínum uppáhalds.“

Er einhver byggingarstíll sem heillar meira enn annar?

„Bauhaus- og funkisstíll hefur alltaf heillað mig mest. Funkisbyggingar og sjónsteypa. Það getur ekki klikkað.“ ■

Berglind Berndsen, innanhússarkitekt. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓTTAR

HÚSAVIÐGERÐIR.IS
MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR
ALHLIÐA MÚRVERK
ÞAKVIÐGERÐIR
GLUGGASKIPTI
HAFÐU SAMBAND
INFO@HUSAVIDGERDIR.IS
SÍMI 565-7070
Finndu okkur á Facebook

sghus@sghus.is

ÍBÚÐARHÚS - FJÖLNOTAHÚS
KRAFTSPERRUR - SUMARHÚS

sghus@sghus.is

VERKSMIÐJUFRAMLEIDD TIMBURHÚS Í YFIR 50 ÁR

ÍSLENSK HÖNNUN OG FRAMLEIÐSLA

Íslensk hönnum og framleiðsla tryggir vönduð hús sem standast íslenskt veðurfar.

Fjölbreytt úrval glugga, hurða, utanhúsklæðninga, þakklæðninga og vindskeiða.

Burðarviður í okkar framleiðslu er úr sjálfbærum skógum og við veljum vistvæn byggingarefni.

Hafið samband. Reynsla okkar er ykkar hagur.

SG HÚS EHF - HÁHEIÐI 3 - 800 SELFOSS - S: 578 3344

Aukinn áhugi á vistvænum húsum

Fjöldi Svansvottaðra bygginga hefur þrefaldast á Norðurlöndunum síðustu þrjú ár, að því er segir á heimasíðu Svansins. „Á Norðurlöndunum eru nú hátt í 50.000 Svansvottaðar íbúðir, einbýlishús eða skólar sem eru annað hvort tilbúin eða í byggingu. „Svansvottaðar byggingar njóta aukinna vinsælda á Norðurlöndunum og á Íslandi. Í dag eru um 18.000 Svansvottaðar byggingar á Norðurlöndunum og um 31.000 til viðbótar í byggingu. Á Íslandi hefur málaflokkurinn líka stækkað mjög hratt síðustu misseri og mörg stór verkefni í farvatninu."

Á heimasíðu Umhverfisstofnunar segir að með Svansvottuðu húsnæði sé unnið markvisst að því að minnka umhverfisáhrif í byggingargeiranum. Í vistvænum húsum er krafa um lága orkunotkun og rík áhersla á örugg og umhverfisvæn byggingarefni. Meginmarkmið Svansvottunar er að draga úr umhverfisáhrifum bygginga, sporna við hnattrænni hlýnun og vernda heilsu þeirra sem koma að verkinu á framkvæmdatíma sem og þeirra sem nota bygginguna eftir að hún er tekin í notkun. Kröfurnar ná einnig til gæðastjórnunar á verkstað, en skýr stýring á umhverfisþáttum og gæðastjórnun helst oft í hendur. ■

Falleg vistvæn hús hafa risið í Urriðaholti í Garðabæ.

Hvað er hægt að votta

- Einbýli, par-, rað- og fjölbýlishús
- Leik- og grunnskólabyggingar
- Þjónustuíbúðir
- Sumarbústaði

Hér stendur yurt eitt við Chatyr Kul í Than Shan-fjöllunum í Kirgistan.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Ævagömul einingahús

Fyrstu einingahús mannkynssögunnar má hæglega rekja aftur til hefðbundinna tjaldhýsa líkt og þeirra sem Inúítar og hirðingjaþjóðir í Mið-Asíu reistu til forna. Yurt-tjaldhýsin eiga uppruna sinn að rekja til Mið-Asíu og enn í dag býr stór hluti Mongóla í yurt. Húsin kallast ger á mongólsku, sem merkir heima eða heimili, en yurt á rússnesku.

Yurt-tjaldhýsin eru hringlaga með keilulaga þaki. Þau voru oftast úr efnum úr umhverfinu. Í hefðbundnum yurt-húsum samanstanda veggirnir af nokkrum einingum sem er raðað saman í hring. Í hverri einingu er viðar- eða bambuslengjum raðað saman í tíglamynstur. Veggeiningarnar kallast khana og má draga saman eins og harmonikku ef þarf að

Hér má sjá inn í yurt í Kasakstan.

flytja húsið. Þá tekur allt frá 30 mínútum upp í þrjá klukkutíma að setja upp yurt. Hringlaga form gerir húsin þolin fyrir vindi og lagið gerir þau einföld að hita upp eða kæla eftir þörfum. Þaktoppurinn er oftast opinn eða með glugga til þess að beina ljósi inn í bygginguna. Svo voru húsin oftast sveipuð þæfðu ullarefni af kindum eða geitum. Í hefðbundnum yurthúsum er oft viðararinn í miðjunni og strompur stendur upp úr miðju þakinu.

Fyrstu rituðu heimildir um þessi sérkennilegu færanlegu hús komu frá gríska sagnfræðingnum Heródótusi. Lýsing hans á tjaldhýsum Skýþa minna þannig á yurt-húsin í dag. Skýþar voru hirðingjaþjóð sem hélt til norðan við Svartahaf og í Mið-Asíu frá 600 f.kr.-300 e.kr.

Árið 1978 varð bandaríska fyrirtækið Pacific Yurts fyrst til þess að framleiða yurt-byggingar með nútímaaðferðum og þykkum tauefnum. Fyrirtækið ruddi leiðina fyrir vinsældir yurt-húsa sem gististaða á skíðasvæðum og tjaldstæðum. Yurt-tjaldhúsin hafa verið að ryðja sér til rúms upp á síðkastið og eru nú vinsæl víða í Bandaríkjunum og Kanada. ■

Það er hægt að fjarlægja háræðaskemmdir í andliti

Sérhæfum okkur í háræðaslitsmeðferðum og lokum skemmdum háræðum, háræðastjörnum og blóð-blöðrum í andliti, hálsi og bringu. Tækið sem unnið er með er eina sinnar tegundar á Íslandi og vinnur með hljóðbylgjum. Hljóðbylgjurnar þurrka upp blóðprótein í brostnu háræðunum og loka skemmdum háræðum af mikilli nákvæmni punkt fyrir punkt. Það þurfa oftast 3 skipti til að loka skemmdu háræðunum endanlega. 4 vikur þurfa að líða á milli. Besta gjöfin til þín !



Náttúruleg viðgerðarmeðferð með stofnfrumuhvötum frá USA

Snyrtistofan Hafblik sérhæfir sig einnig í langtíma viðgerðarmeðferðum á andliti þar sem húð er markvisst byggð upp á 100% náttúrulegan hátt án inngripa nála eða skurðhnífa. Þetta er margþætt viðgerðarmeðferð þar sem notuð er m.a. örtækni með stofnfrumuhvata. Það gerir það af verkum að starfsemi og frumuendjurnýjun húðar er stórefld með því að koma stofn-frumuhvötum, kollageni, elastíni og vítamínum djúpt ofan í órofna húðina með nýjustu hágæða örtækni og fráhrindikrafti súrefnis.

Raunveruleg viðgerð á húð fæst einungis með langtíma markvissum viðgerðarmeðferðum þar sem upp-byggingin á sér stað yfir nokkrar vikur á hnitmiðaðan hátt. Húðin þín og starfsemi hennar verður miklu sterk-ari, unglegri og heilbrigðari eftir meðferðarkúrinn og heldur áfram að vinna á þessum aukna hraða í fleiri mánuði á eftir.

Við höfum með þessum aðgerðum náð undraverðum árangri sem við erum stollt af og viljum koma á framfæri til allra þeirra sem vilja njóta og með sanni eldast með reisn.

Glæsilegir tilboðspakkar í boði og allt frá 140 þús. upp í 185 þús. kr. afsláttur !



Fyrir þá sem gera kröfur um gæði og árangur

Bókið frían tíma í skoðun/viðtal

Snyrtistofan Hafblik

Hlíðasmára 9 • Kópavogi • S. 893 0098 • snyrt@snyrt.is • www.snyrt.is

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupi bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNIR
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 699-6069 eða 663 5315

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Hreingerningar

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

Bókhald

FRAMTALSAÐSTOÐ - BÓKHALDSÞJÓNUSTA
Bjóðum einstaklingum framtals-aðstoð og fyrirtækjum alhliða bókhalds og uppgjörsþjónustu.
Góð þjónusta á sanngjörnu verði.
Uppl. í síma 8548080/5168080
retta.is
olafur@retta.is

Húsaviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

Spádómar

SPÁSÍMINN 908 5666
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Töfluskipti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

FERÐAVAGNAGEYMSLA
Til leigu vetrargeymsla fyrir felli- og hjólhýsi á besta stað í Reykjavík. Uppl. í s. 846 2986.

Keypt & Selt

Til sölu

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

MATUR OG HEIMILI

MEÐ SJÖFN ÞÓRÐAR

Lifandi þáttur um matargerð í bland við innanhússarkitektúr, hönnun og fjölbreyttan lífsstíl. Í þáttunum heimsækir Sjöfn heimili, kaffi- og veitingahús og eldhús matgæðinga, sælkera- og matarbloggara, fær innsýn í heimili og staði viðkomandi og kynnist matarmenningu hvers og eins. Sjöfn heimsækir jafnframt heimili ólíkra einstaklinga, kynnist persónulegum stíl þeirra og hönnun.

Matur og Heimili er á dagskrá alla þriðjudaga klukkan 19.00.

BÓNUS

Lemon

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

HRINGBRAUT

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Kristín Jónsdóttir

talsímavörður,
Kjarnagötu 14, Akureyri,

andaðist á Sjúkrahúsinu á Akureyri, 16. september. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju, fimmtudaginn 30. september kl. 13. Streymt verður frá athöfninni.

Rafn Sveinsson
Sveinn Rafnsson — **Berghildur Þóroddsdóttir**
Jón Rúnar Rafnsson — **Jónína Vilborg Karlsdóttir**
Ingvar Rafnsson — **Íris Dröfn Jónsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Símon Símonarson

fv. skipstjóri og útgerðarmaður á Akranesi,
Norðurbrú 6, Garðabæ,

lést á líknardeild Landspítalans 4. september sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug.

Bryndís Símonardóttir — **Ásgeir Guðnason**
Hallfreður Óttar Símonarson — **Laufey Ófeigsdóttir**
Edda Símonardóttir — **Vésteinn Benediktsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Ingibjörg Gunnhildur Jósafatsdóttir

(Imba Jós)

Sauðármýri 3, Sauðárkróki,

lést fimmtudaginn 16. september síðastliðinn á Lyflækningadeild Sjúkrahússins á Akureyri. Útför Imbu fer fram frá Sauðárkrókskirkju mánudaginn 27. september kl. 14.

Björgvin Jósafat Sveinsson
Gunnar Bragi Sveinsson — **Sunna Gunnars Marteinsdóttir**
Atli Freyr Sveinsson — **Ingibjörg Jenný Leifsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

UTFARARSTOFA ISLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi
SÍÐAN 1996
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA
Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er
www.utforin.is
Sverrir Einarsson
Jóhanna Eiríksdóttir
ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA
Útfararþjónusta í yfir 70 ár
Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Gert og græjað í gegnum aldirnar

Anna Leif Auðar Elídóttir safnkennari flytur fyrirlestur í Þjóðminjasafninu um viðgerðir Íslendinga á ýmsum hlutum í gegnum aldirnar.

arnartomas@frettabladid.is

Fyrirlestur undir yfirskriftinni Stagbætt, spengt og stoppað í göt fer fram á Þjóðminjasafninu í dag. Þar fer Anna Leif Auðar Elídóttir safnkennari yfir viðgerða gripi og segir gestum frá því hvernig gert hafi verið við muni á mismunandi vegu í gegnum aldirnar. Í lok fyrirlestursins verður svo farið í gegnum sýninguna Þjóð verður til – menning og samfélag í 1200 ár, þar sem leitað verður eftir viðgerðum gripum.

„Hugmyndin að þessu kemur út frá aukinni vitundarvakningu um grænan lífsstíl þar sem fólk er farið að hugsa betur um hlutina sína," segir Anna Leif. „Við á Þjóðminjasafninu höfum tekið þátt í átakinu Græn skref í ríkisrekstri, og mér datt í hug að nýta safnkostinn til að sýna fólki hvernig sjálfbærnin í lífi okkar á þessu skeri hefur verið í gegnum aldirnar."

Anna Leif segir að innilokun okkar sem eyþjóðar hafi líklega ýtt undir hversu hög við þurftum að vera.

„Eins og sést oft á hagleik viðgerðanna þá vandaði fólk mjög til verka," segir Anna Leif. „Fólk vildi gera gripinn enn fallegri með viðgerðinni og það var ekki talað vel um það ef gripirnir voru ljótir eftir viðgerðina, það var jafnvel kallað hrossalækningar."

Skatan gulls ígildi

Í Japan lýsir hugtakið Kintsugi þeirri aðferð þar sem gylling er notuð til að fylla upp í skorurnar á brotnum munum, sem verða enn fallegri vegna galla sinna. Anna Leif segir að viðgerðir á Íslandi eigi sitthvað sameiginlegt með þessari hugmyndafræði.

Stakkurinn góði sem er í miklu uppáhaldi hjá Önnu Leif. MYND/AÐSEND

„Við notuðum kannski ekki gyllingu til að fylla upp í skorurnar heldur fór fólk aðrar leiðir," segir hún. „Í grúskinu mínu fann ég til dæmis að þegar stór matarföt og skálar brotnuðu var borað báðum megin og fest með málmi. Til að fylla upp í og líma betur saman var þetta svo soðið í potti með skötusoði."

Þá fylgja viðgerðunum oft skemmtilegar sögur.

„Það er einn jakki hérna sem ég dáist að. Sagan segir að hann hafi verið viðgerður þar sem bræðurnir sem áttu hann gengu gjarnan með nagla í vösunum," segir Anna Leif. „Svo var hann notaður sem mjaltastakkur, en kýrnar sleiktu bakið á stúlkunni sem var að mjólka þær og því þurfti að lappa upp á bakið líka. Það er gaman að sjá hvernig einn gripur getur geymt svona margar sögur."

Fyrirlesturinn fer fram á safninu sjálfu klukkan 12 en hægt er að fylgjast með honum á YouTube-rás Þjóðminjasafnsins. ■

†

Ástkær systir, mágkona og frænka,

Þóra Sigríður Tómasdóttir

frá Vallnatúni, Vestur-Eyjafjöllum,

lést sunnudaginn 19. september á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Kirkjuhvoli. Útför fer fram frá Ásólfsskálakirkju, laugardaginn 25. september klukkan 14.

Þórður Tómasson
Guðrún Tómasdóttir — **Magnús Tómasson**
Kristín Magnúsdóttir og fjölskylda
Tómas Birgir Magnússon og fjölskylda

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Stefanía Guðrún Jónsdóttir

lést á Heilsustofnun Norðurlands á Sauðárkróki þann 14. september. Útförin fer fram frá Sauðárkrókskirkju þann 24. september kl. 14.00. Streymt verður frá Sauðárkrókskirkju.
https://m.youtube.com/watch?v=YhP0ZwJ-St8

Simmi, Anna, Nonni, Beggi,
Öddi, Steini, Hóffý og fjölskyldur.

†

Ástkær sambýlismaður minn, faðir okkar, stjúpfaðir, tengdafaðir, afi, bróðir, mágur og frændi,

Sigurður Þorsteinn Unnsteinsson

lést á sjúkrahúsi í Sønderborg Danmörku þann 14. september síðastliðinn.

Manuela Schulz
Unnar Bæring Sigurðsson — **Nanna Guðrún Hjaltalín**
Bjarki Páll Sigurðsson — **Sarah Anita Neubauer**
Sara Dögg Sigurðardóttir
Dennis Madsen
Nikolaj Madsen
barnabarn, systkini og fjölskyldur.

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Miriam Thorarensen

Skarðshlíð 8, Akureyri,

lést á lyflækningadeild sjúkrahússins á Akureyri 10. september sl. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Jóhann G. Thorarensen
Valdís Lára Thorarensen — **Þorvaldur Hansson**
Snædís, Lena, Agnes og Rakel

†

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Birna Friðgeirsdóttir

Gunnólfsgötu 18, Ólafsfirði,

lést á Heilbrigðisstofnuninni á Siglufirði 16. september. Útförin fer fram frá Ólafsfjarðarkirkju föstudaginn 24. september klukkan 14. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á dvalar- og hjúkrunarheimilið Hornbrekku, Ólafsfirði.

Sigurður Guðmundsson
Valgerður Sigurðardóttir — **Rúnar Guðlaugsson**
Guðmundur Sigurðsson — **Sigurborg Gunnarsdóttir**
Friðgeir Sigurðsson — **Ragnhildur Skúladóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Elsku systir okkar, mágkona og frænka,

Gígja Guðfinna Thoroddsen

Starengi 6, Reykjavík,

sem lést 8. september, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju, þriðjudaginn 21. september, kl. 15.

Ásta St. Thoroddsen — **Bolli Héðinsson**
Einar Gunnar Guðmundsson — **Sverrir Bollason**
Atli Bollason — **Brynhildur Bolladóttir**
Ólafur E. Thoroddsen
Ólöf Jónína Thoroddsen — **Hrafnhildur Thoroddsen**

†

Elsku faðir minn og bróðir okkar,

Snæbjörn Aðils

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi laugardaginn 11. september. Útförin fer fram frá Digraneskirkju fimmtudaginn 23. september kl. 15. Blóm og kransar vinsamlega afþökkuð en þeim sem vildu minnast hans er bent á Ljósið.

Anja Elísabet Snæbjörnsdóttir Aðils
Páll Guðlaugsson
Snæfríður Íris B. Kjartansdóttir
Ragnhildur Ólafsdóttir
Bjarki Þröstur Leifsson
Linda Mjöll Leifsdóttir

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055 .

við erum rétt að byrja

xB

við erum rétt að byrja

REYNSLA ÁSMUNDAR EINARS ER DRIFKRAFTUR HANS Í MÁLEFNUM BARNA. HANN ÞARF ÞITT ATKVÆÐI TIL AÐ HALDA VERKINU ÁFRAM.

Veðurspá Þriðjudagur



Breytileg eða vestlæg átt síðdegis og 20-28 m/s S- og A-lands. Hiti 4 til 12 stig. Fer að lægja vestantil í kvöld. ■

DORMA
Láttu drauminn rætast

TAX FREE veisla af öllum sófum, sófaborðum, teppum, mottum og púðum*
16. - 25. september

HOUSTON hornsófi
Sófinn fæst með hægri eða vinstri horni. Stærð sófa: B275 x D210 x H85 cm
fullt verð: 249.900 kr.
Aðeins 201.544 kr.

MEGA hornsófi
Slitgott áklæði. Fæst í þremur tónum og með hægri eða vinstri tungu.
Stærð sófa: B275 x D241 x H85 cm
fullt verð: 239.900 kr.
Aðeins 193.479 kr.

MORFEO svefnsófi
Ítalskur svefnsófi.
Stærð: L207 x D93 x H103 cm
fullt verð: 269.900 kr.
Aðeins 217.674 kr.

BARCELONA svefnsófi
Ítalskur svefnsófi.
Svefnflötur: 140x194 cm.
Stærð: L193 x D93 x H100 cm
fullt verð: 199.900 kr.
Aðeins 161.219 kr.

* Taxfree tilboðið gildir af öllum sófum, teppum, mottum, sófaborðum og púðum, nema sérpöntunum og jafngildir 19,35% afslætti. Að sjálfsögðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Dorma.

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA
Láttu drauminn rætast

Skák Gunnar Björnsson

Svartur á leik

Vladimir Fedoseev (2.708) átti leik gegn Evrópumeistaranum Anton Demschenko (2.610) á EM taflfélaga.

47...Bf2! 0-1. Magnús Carlsen vann Norway Chess-mótið sem lauk á laugardaginn. EM taflfélaga er nú í fullum gangi. Skákfélag Selfoss og nágrennis er meðal efstu liða eftir þrjár umferðir. Auk þess taka Víkingaklúbburinn og Taflfélag Reykjavíkur þátt.

www.skak.is: EM taflfélaga. ■

Krossgáta

LÁRÉTT
1 í vafa
5 hvíld
6 hljóm
8 vingsa
10 ryk
11 heppni
12 tregi
13 offylli
15 skip
17 ástand

LÓÐRÉTT
1 afdrif
2 nokkrir
3 fag
4 tímabil
7 braskara
9 kíma
12 ánægð
14 albúinn
16 stafur



LÁRÉTT: 1 efins, 5 náð, 6 óm, 8 dingla, 10 ar, 11 lán, 12 sorg, 13 ofát, 15 kútter, 17 staða.
LÓÐRÉTT: 1 endalok, 2 fáir, 3 lón, 4 sólar, 7 managra, 9 glotta, 12 sátt, 14 fús, 16 eð.

Sudoku

6		8	5				4	1
3							7	
	4	5	3	6			9	
8	6		1	9		5		
	5	2						4
1								
2	8				3			9
		6	7		5	2		8
	3	7		8	2			

7			8				1	6
		6			7			9
				4			8	
1				3				
	8	4	2	1				7
				5	3	2		
	1		7	8			6	5
	2	3						

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Þriðjudagur

Hringbraut

18.00 Lengjudeildarmörkin (e) Hörður og Hrafnkell fara yfir úrslit og mörk í Lengjudeild karla í knattspyrnu.
18.30 Fréttavaktin Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
19.00 Kosningar 2021 Sigmundur Ernir fær frambjóðendur til sín og spyr þá af festu um flokkspólitík fyrir komandi kosningar.
20.00 Matur og heimili Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
20.30 Fréttavaktin (e) Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.

RÚV Sjónvarp

11.00 Heimaleikfimi
11.10 Kastljós
11.25 Menningin
11.35 Alþingiskosningar 2021. Forystusætið Sósíalistaflokkurinn
12.05 Alþingiskosningar 2021. Kynning á framboði Sósíalistaflokkurinn
12.10 Alþingiskosningar 2021. Kynning á framboði Miðflokkurinn
12.15 Venjulegt brjálæði
12.55 Tíu fingur Halldór Haraldsson.
13.50 Í 50 ár Ísafjörður í 50 ár.
14.30 Pricebræður bjóða til veislu
15.00 Leitin að heimsmeti
15.15 Concorde. Baráttan um hljóðmúrinn
16.00 Menningin - samantekt
16.30 Átta raddir Björk Guðmundsdóttir
17.35 Táknmálsfréttir
17.45 Krakkafréttir
17.50 Lag dagsins Lag: Tvær stjörnur Flytjandi: Jóhanna Guðrún. Höfundur: Megas.
18.00 Fréttir og veður
18.10 HM stofan Upphitun á leik Íslands og Hollands í undankeppni HM kvenna í fótbolta.
18.35 Ísland - Holland Bein útsending frá leik í undankeppni HM kvenna í fótbolta.
20.30 HM stofan Uppgjör á leik Íslands og Hollands.
21.05 Treystið lækninum Trust Me I'm a Doctor Fræðandi þættir frá BBC um heilsufar, lífsstíl og heilsufarstengdar mýtur.
22.00 Tíufréttir
22.20 Veður
22.25 Alþingiskosningar 2021. Kynning á framboði
22.30 Stjórnandinn Moscow Noir Sænsk-rússneskir spennuþættir um sænskan fjárfestingaráðgjafa í Moskvu árið 1999 sem gerir áhættusaman samning og eignast í leiðinni hættulega óvini sem svífast einskis.
23.15 Tíburi Twin
00.00 Dagskrárlok

Stöð 2 Golf

10.00 Golfarinn 3
10.25 Jóhanna á opna breska
11.10 Countdown to the Ryder Cup 2021
11.35 LPGA Tour Útsending frá Cambia Portland Classic.
14.35 LPGA Tour Cambia Portland Classic.
17.35 LPGA Tour Cambia Portland Classic.
20.35 LPGA Tour Cambia Portland Classic.
23.35 PGA Special. Justin Thomas Unlocked

Sjónvarp Símans

12.30 Dr. Phil
13.15 The Late Late Show
14.00 The Block
15.05 Moonbase 8
15.35 Young Rock
16.05 A.P. BIO Gamanþáttur um heimspekiprófessor við Harvard-háskóla sem lendir í vandræðum og þarf að sætta sig að kenna menntaskólakrökkum líffræði.
16.50 The King of Queens
17.10 Everybody Loves Raymond
17.35 Dr. Phil
18.20 The Late Late Show
19.05 The Block
20.10 A Million Little Things Dramatísk þáttaröð um nokkra vini sem verða að endurskoða lífið og tilveruna eftir að einn úr hópnum deyr.
21.00 Bull
21.50 The Stand (2020)
22.35 The Chi
23.25 The Late Late Show
00.10 New Amsterdam
00.55 How to Get Away with Murder
01.40 Nurses
02.25 Good Trouble
03.10 The Bay
04.00 Síminn + Spotify

RÚV Rás eitt

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.03 Hádegið Fyrri og seinni hluti
12.20 Hádegisfréttir
12.42 Hádegið
13.00 Dánarfregnir
13.02 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Lofthelgin
15.00 Fréttir
15.03 Frjálsar hendur
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Víðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Kvöldfréttir
18.10 Brot úr Morgunvaktinni
18.30 Krakkakastið
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.35 Mannlegi þátturinn
21.40 Kvöldsagan. Í verum, fyrra bindi (2 af 27)
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Samfélagið
23.05 Lestin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

Stöð 2 Bíó

10.50 Heiða
12.35 Kindergarten Cop
14.25 August Creek
15.50 Heiða
17.40 Kindergarten Cop
19.30 August Creek
21.00 The Art of Self-Defense
22.40 Braven
00.10 Motherless Brooklyn
02.30 The Art of Self-Defense

Stöð 2

07.55 Heimsókn
08.15 The Mentalist
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 Grey's Anatomy
10.05 Logi í beinni
10.40 Hversdagsreglur
11.00 NCIS
11.40 Friends
12.05 Friends
12.35 Neighbours
12.55 Family Law
13.35 Matargleði Evu
14.00 Skítamix
14.25 City Life to Country Life Fylgst er með nokkrum fjölskyldum sem búa á afskekktum stöðum á Bretlandi sem hafa valið sér einfaldan lífsstíl langt í burtu frá hröðu borgarlífinu.
15.10 Feðgar á ferð
15.30 Veronica Mars
16.15 The Masked Singer
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Neighbours
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.40 Sportpakkinn
18.55 Ísland í dag
19.10 Shark Tank
20.00 The Goldbergs Gamanþáttaröð sem gerist á níunda áratug síðustu aldar og fjallar um fjöruga fjölskyldu sem er ekki alveg eins og fólk er flest.
20.20 The Dog House
21.15 Next
22.00 The Murders
22.45 The Wire
23.45 Allskonar kynlíf
00.15 Vigil
01.15 Pennyworth
02.10 Mrs. Fletcher
02.35 The Mentalist
03.20 Grey's Anatomy
04.00 NCIS Geysivinsælir og léttir spennuþættir sem fjalla um Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandarískra sjóhersins. Eins og áður glíma þau við flókin og hættuleg verkefni en stór breyting mun eiga sér stað þar sem Jack Sloane mun kveðja áhorfendur í þessari þáttaröð.

Stöð 2 Sport

08.55 HK - KA Útsending frá leik í Olís-deild karla.
10.20 Afturelding - Stjarnan
11.45 Seinni bylgjan - karla
13.00 HK - Stjarnan Útsending frá leik í Pepsi Max-deild karla.
14.40 KA/Þór - ÍBV Útsending frá leik í Olís-deild kvenna.
16.00 Fram - Stjarnan
17.20 Seinni bylgjan - kvenna
18.20 HK - Stjarnan
20.00 Pepsi Max Stúkan
20.20 HK - KA
21.45 FH - Breiðablik Útsending frá leik í Pepsi Max-deild karla.
23.25 Pepsi Max Stúkan

Stöð 2 Sport 2

08.30 Inter - Real Madrid
10.10 Dinamo Zagreb - West Ham
11.50 Sevilla - Salzburg
13.30 Hull - Sheffield United
15.10 Barcelona - Bayern
16.50 Chelsea - Zenit
18.35 Norwich - Liverpool Bein útsending frá leik í enska deildabikarnum.
20.40 Fréttaþáttur Meistaradeildarinnar
21.05 Lille - Wolfsburg
22.45 Football League Show
23.10 Manchester City - Wycombe Útsending frá leik í enska deildabikarnum 2021/2022.

KRISTINA DAM SKÁL
Skál. 18x22 cm
11.992 kr ~~14.490 kr~~



FRANDSEN
Borðlampi. BF20. H15 cm
31.992 kr ~~39.990 kr~~

NORDAL DOORY
Diskamotta 45 cm
3.192 kr ~~3.990 kr~~

LUKKUTRÖLL
Brass 9cm
4.392 kr ~~5.490 kr~~

www.husgagnahollin.is VEFVERSLUN

Þú finnur bæklinginn á husgagnahollin.is

* Gildir ekki af sérpöntunum eða vörum frá Skovby.

HÚSGAGNA HÖLLIN
www.husgagnahollin.is
Sími: 558 1100

Kiosk hélt upp á eins árs veru úti á Granda

Það var góð stemning í hönnunarbúðinni Kiosk á laugardaginn í tilefni þess að ár er liðið síðan verslunin var opnuð á ný á Granda. Búðin er rekin af þeim Eygló Margréti, Helgu Lilju, Magneu, Anitu og Hlín, en þær eru sammála um að svæðið sé í mikilli sókn.

steingerdur@frettabladid.is

Ein flottasta hönnunarbúð landsins, Kiosk, hélt upp á það á laugardaginn að ár er liðið síðan verslunin var opnuð á ný á Granda og var margt góðra gesta. Búðin er rekin af fatahönnuðunum Magneu Einarsdóttur, Anitu Hirlekar, Eygló Margréti Lárusdóttur, Helgu Lilju Magnúsdóttur og skartgripahönnuðinum Hlín Reykdal. Merkin heita eftir þeim eff frá er skilið merki Helgu Lilju, Bahns. Einnig er ýmis hönnunarvara seld í versluninni og ný sending af ilmvötnum frá Andreu Maack kom loks í hillurnar í tilefni dagsins. Búðin var áður staðsett í miðbænum. Þær ákváðu eftir stutta pásu að opna verslunina á Granda enda eru þær sammála um að svæðið sé í mikilli sókn. Aðdáendur búðarinnar mættu að sjálfsögðu í afmælið og létu sig hafa leiðindaveður bara til að komast í gleðskapinn.

Eygló segir að það hafi verið mikið stuð í afmælinu.

„Heldur betur! Enda mikil uppsöfnuð þörf hjá fólki fyrir að komast út og lyfta sér upp.“

Kiosk var fyrst stofnuð árið 2010 af nokkrum fatahönnuðum.

„Þar á meðal Eygló og Hlín. Við sáum að það var vöntun á stað fyrir unga fatahönnuði að taka sín fyrstu skref. Verslunin hefur nú á þessum ellefu árum alið af sér margan framúrskarandi hönnuðinn. Nú þegar við opnuðum verslunina aftur á Grandanum ákváðum við að hafa aðeins aðrar áherslur en við eigendurnir erum nú allar með þó nokkra reynslu að baki,“ útskýrir Helga Lilja.

Glæsilegur blöðruveggur skreytti einn vegg búðarinnar. Gestir fengu svo glæsilegan vönd með nál og á endanum fengu allir að stinga á blöðru, en inni í þeim voru veglegir vinningar.

„Ég er mikil bingódrottning og við Erna blöðrubína vorum að hafa það huggulegt á Kaffibarnum þegar þessi skemmtilega hugmynd kom upp. Erna er með verslunina Pippa.is og er sérfræðingur í blöðruskúlptúrum og ég er þekkt fyrir að gjörsamlega elska svona leiki og gott bingó,“ segir Eygló.

Hún segir það magnað og gleðilegt hversu fyrsta árið hefur gengið vel.

„Við eigum sterkan kúnnahóp enda höfum við allar verið starfandi í áratug eða svo. Covid virðist ekki hafa haft neikvæð áhrif á reksturinn, jákvæð ef eitthvað er, enda hefur fólk ekki komist mikið til útlanda. Við finnum líka alltaf fyrir auknum meðbyr frá íslenskum kúnnum þegar einhvers konar kreppa skellur á.“

> **Við finnum líka alltaf fyrir auknum meðbyr frá íslenskum kúnnum þegar einhvers konar kreppa skellur á.**
>
> Eygló

„Við höfum einnig fundið fyrir aukinni sölu í gegnum netverslunina okkar, kioskgrandi.com, en þar er að finna það nýjasta og einnig eldri vörur hjá okkur, “ bætir Anita við.

Hvað kom til að þið ákváðuð að flytjast út á Granda?

„Við sáum rýmið auglýst en það er ekki hlaupið að því að fá pláss hérna í verbúðunum. Við erum komnar til að vera á þessum stað. Grandinn hefur allt sem hægt er upp á að bjóða, æðislega veitingastaði, kjötbúð, matarverslanir, bílaþvottastöð, ísbúðir, granólabar. Nefndu það! Svo ekki sé minnst á gott aðgengi og ókeypis bílastæði. Hvernig er annað hægt en að elska Grandann?“ ■

Eygló Margrét, Magnea, Hlín og Anita voru gríðarlega ánægðar með mætinguna.

MYNDIR/KATRÍN LILJA ÓLAFSDÓTTIR



Allir sem mættu á viðburðinn fengu að stinga á blöðru í tilefni afmælisin en þær innihéldu allar fína vinninga.

Þorbjörg Þórðardótttir, Þórður Hall, Hadda Fjóla Reykdal og Jóhanna Vigdís Þórðardóttir létu sig ekki vanta.

Mæðgurnar Hlín Reykdal, Jóhanna Vigdís Þórðardóttir og Hadda Fjóla Reykdal skemmtu sér konunglega í boðinu.

Hönnuðirnir eru sammála um að sala hafi jafnvel aukist í heimsfaraldrinum.

Leikkonan Þuríður Blær Jóhannsdóttir var ánægð með vinninginn sinn.

Heinz og Ilze mættu í afmælið. Blöðruveggurinn vakti mikla lukku hjá yngri kynslóðinni.

HVÍLUM BÍLINN Á MORGUN

Frítt í Strætó á höfuðborgarsvæðinu á bíllausa daginn, 22. september.

EVRÓPSK **SAMGÖNGUVIKA**

16.-22. SEPTEMBER 2021

STÓRSVEIT
REYKJAVÍKUR
KYNNIR

SR
30 ÁRA



PETER
HERBOLZ
HEIMER

▶ 22. SEPTEMBER, KL. 20.00
▶ FLÓA, HÖRPU

Fönkuð, kraftmikil og klúbbvæn tónlist
Þýsk-Rúmenska stórsveitameistarans frá
áttunda áratuginum.

Stjórnandi: Samúel J Samúelsson

Miðasala á harpa.is og tix.is

ÚTGÁFUTÓNLEIKAR

SÖNGTRÍÓIÐ SKEL
og fleiri, ásamt HLJÓMSVEIT

LAUGARDAGUR 25. SEPTEMBER 2021, kl:13
FRÍKIRKJUNNI Í REYKJAVÍK, MIÐAVERÐ: 3000 kr.

Í KVÖLD ER ALLT SVO
UNDARLEGA HLJÓTT
-lögin sem glötuðust

LÖG EGGERTS THORBERGS
KJARTANSSONAR
OG SAMTÍMA DJASSPERLUR

MIÐASALA Á TIX.IS OG VIÐ INNGANGINN

Myndbandið var frumsýnt síðasta fimmtudag í Bíó Paradís. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Gerði myndband um upplifun þolenda

Nú á dögunum gaf Annalísa Hermannsdóttir út myndband við lagið Ég er bara að ljúga er það ekki? Lagið fjallar um upplifun þolenda af kynferðisofbeldi og öðrum tegundum ofbeldis.

steingerður@frettabladid.is

Annalísa Hermannsdóttir er nýútskrifaður sviðshöfundur frá LHÍ, leikstjóri og tónlistarkona. Hún gaf út fyrstu plötuna sína, 00:01, í fyrra.

„Ég hef leikstýrt öðrum tónlistarmyndböndum, til dæmis fyrir hljómsveitina Milkhouse og svo K.óla en ég er líka meðlimur „live“-hljómsveitar hennar þar sem ég spila á hljómborð og syng bakraddir.“

Á fimmtudaginn kom út fyrsta tónlistarmyndband Önnulísu, við lagið Ég er bara að ljúga er það ekki?

„Það er blanda af lagi og hljóðmynd. Ég samdi það snemma árið 2020 innblásin af upplifun þolenda hvers kyns ofbeldis. Þeim tilfinninga- og ofhugsanarússíbana sem því fylgir. Lagið fjallar um að halda að maður sé búinn að missa vitið, sé bara með ranghugmyndir eða lygari og eigi ekki hlutdeild í þessum heimi, en þolendur upplifa sig oft utan við raunveruleikann í kjölfar áfalla. Ég samdi lagið og flyt það,“ segir Annalísa.

Afneitun ásakana

Hún segir myndbandið vera samsuðu tónlistarmyndbands og stuttmyndar.

„Tónlistarmyndbandsverk er kannski besta orðið til þess að lýsa því. Myndbandið fjallar um þær margslungnu tilfinningar og hugsanir sem ég tala um hér fyrir ofan á myndrænan hátt,“ segir hún.

> **Lagið fjallar um að halda að maður sé búinn að missa vitið, sé bara með ranghugmyndir eða lygari og eigi ekki hlutdeild í þessum heimi.**

Lagið og myndbandið urðu til út frá verki sem hún gerði á 2. ári á Sviðshöfundabraut í Listaháskóla Íslands. Í verkinu skoðaði hún áföll og ofbeldi út frá persónulegri reynslu þolenda.

„Nú hefur kynferðisofbeldi, kærumál og ærumál verið mikið í umræðunni, enn meira en áður fyrr, og við erum mikið búin að vera að velta því fyrir okkur hvernig við eigum að takast á við þessi mál sem samfélag. Hvernig við getum tekist á við að einhverjir sem við litum upp til séu allt í einu orðnir þau „skrímsli“ sem skrímslavæðingin gerir gerendur. Þegar þessir gerendur voru guðir og eru allt í einu sagðir skrímsli þá er auðveldara að loka augunum fyrir þeim staðreyndum sem lagðar eru á borð eða jafnvel afneita þeim,“ segir hún.

Flókin staða

Umræðan hefur mikið snúist um það hverju eða hverjum maður eigi að trúa, að sögn Önnulísu.

„Við höfum rætt að konur geti logið til um ofbeldi, spunnið það upp og eyðilagt orðspor og æru manns út frá lygum einum og þar fram eftir götum. Við höfum talað um að tölfræðin segi okkur samt annað, að það séu gríðarlega litlar líkur á því að þolendur ljúgi. Margir opinbera heldur aldrei sögu sína. Í þessari umræðu gleymum við að ræða það að þolandi trúir sér oft ekki sjálfur, skilur ekki hvað gerðist, hvernig sér líður, afneitar því, vill ekki trúa því, vill bara frekar hafa gaman, gleyma þessu. Við höfum ekki talað mikið um þær svakalegu afleiðingar sem ofbeldið hefur á þolandann, miklu frekar gerandann. Af hverju fær reiðin mín, sorgin, dofinn minn, kvíðinn minn, þunglyndið mitt, hræðslan mín ekki jafn stórt pláss og æran þín? Af því að ég er bara að ljúga er það ekki?“

Hún segir gerð myndbandsins hafa gengið vel.

„Það gekk mjög vel, það var geggjað að vinna með þessum stórkostlegu konum sem ég vann með, þeim Katrínu Helgu Ólafsdóttur sem framleiddi myndbandið og var mín hægri hönd í gegnum þetta allt saman, Rakel Ýri Stefánsdóttur sem skaut það og Söru Ósk Þorsteinsdóttur sem aðstoðaði á setti með ljós og fleira. Ég klippti svo myndbandið, sem var auðvitað krefjandi þar sem ég leik í því og leikstýri sjálf, en það var líka mjög gefandi og skemmtilegt.“

Hægt er að nálgast myndbandið á YouTube. ■

AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Gústaf Bjarnason *gustaf@torg.is*, **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@frettabladid.is* , Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

ALLAR PIZZUR AF MATSEÐLI Á 1.690 KR. EF ÞÚ SÆKIR, 7.–13. JÚNÍ 2021

DOMINOS.IS | 58 12345 | DOMINO'S APP

frettabladid.is

550 5000
RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is
AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is
PRENTUN Torg ehf.
DREIFING Póstdreifing ehf.
dreifing@postdreifing.is

FASTEIGNASALAN TORG
KRAFTUR TRAUST ÁRANGUR

Bakþankar

Jóns Sigurðar Eyjólfssonar

Veruleiki í mótun

Við lifum í heimi þar sem ímyndin virðist taka fram fyrir hendur raunveruleikans og ég velti því fyrir mér hvort það sé þess vegna sem Spánverjar skamma mig ef ég fer í langerma flík áður en sumri líkur.

Og ef ég hef orð á því, áður en haustar, að veðrið sé svalt sýna þeir mér hundsrass svo ég er farinn að skynja þá skýlausu kröfu þeirra um að ég skuli þrauka í stuttbuxum og hlýrabol uns almanakið hafi kveðið á um endalok sumars.

Virðast þeir óttast frétta-flutning á við þennan: Moodys lækkaði Spán í dag úr sólarlanda-flokki niður í góðviðrisflokk. Ákvörðunin kemur í kjölfar þess að norrænn pistlaskrifari sást í hlífðarflíkum þar í landi síðast-liðinn fimmtudag.

Við Íslendingar könnumst líka við það að ekki megi „tala landið eða heilbrigðiskerfið niður“, líkt og vandinn raungerist fyrst þegar talað er um hann.

Svo vitum við að halli ríkis-sjóðs og fylgi Framsóknarflokks-ins fer alveg eftir því hver segir frá. Af hverju ætti veðurfarið á Spáni þá ekki að fara eftir því hvernig talað er um hitastigið?

Því kannski gerist ekkert í raun nema aðrir skynji það líka. Allavega spyr Kaninn hvort hljóð komi frá fallandi tré úti í skógi ef enginn er nálægt til að heyra það og Íslendingar spyrja hvort Eyj-ólfur sé ekki bara nokkuð hress ef enginn er vitni að sorgum hans.

Því geta Spánverjar nú tekið gleði sína á ný því ég er hættur að skrifa pistla og því getur spænska regnið fallið eins og bakþanki sem enginn skrifar. ■

ALLAR PIZZUR AF MATSEÐLI Á 1.690 KR.
EF ÞÚ SÆKIR, 7.–13. JÚNÍ 2021

★ GERIÐ GÆÐA & VERÐSAMANBURÐ ★

HÖFUM ÞAÐ GOTT HEIMA

HEIMA ER BEST

VAXTALAUSAR 12 mán GREIÐSLUR

STILLANLEG HJÓNARÚM
MEÐ BODYPRINT DÝNU
EIN ALLRA BESTA HEILSUDÝNA Í HEIMI

JAMES HVÍLDARSTÓLL
MEÐ SKEMLI – FALLEG HÖNNUN OG ÞÆGINDI
Verð kr. 169.900 kr.-

Verð birt með fyrirvara um innsláttarvillur og/eða breytingar.

VANDAÐAR SÆNGUR OG KODDAR Í ÚRVALI

Kósý KERTATÍMI
ÚRVAL AD VÖNDUÐUM ILMKERTUM FRÁ FRANSKA MERKINU DURANCE. FULLKOMIN Á SÍÐSUMARKVÖLDUM

FALLEG SÆNGURVERASETT

OUTLET

GERÐU FRÁBÆR KAUP
Afsláttur af skiptidýnum, eldri gerðum, sófum, hvíldarstólum, mjúkvöru og fl.

Svefn & heilsa
★★★★★

MIKIÐ ÚRVAL Í STÆRRI GERÐUM

FLEIRI STÆRÐIR, OG GERÐIR Í BOÐI

Allt fyrir góðan svefn og betri heilsu

BALDURSNES 6 – AKUREYRI

VERSLUN & OUTLET – LISTHÚSIÐ – REYKJAVÍK

LISTHÚSINU LAUGARDAL s. 581 2233
BALDURSNESI 6, AKUREYRI s. 461 1150

OPIÐ virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 12-16

UMBOÐSAÐILAR Húsgagnaval, Höfn í Hornafirði og Bara snilld, Egilsstöðum | **svefnogheilsa.is**

UM FJÓRÐUNGUR LANDS-MANNA SEFUR Á DÝNU FRÁ SVEFN & HEILSU*
*Samkvæmt könnun frá Gallup.